

Háskóli Íslands
Guðfræðideild
Haust 2008

GFR302G Ritgerð til BA-prófs
Leiðbeinandi: Sigurður Pálsson

Barnavinur mesti?

-Um kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu í skyldunámi á Íslandi

Pálína Sigríður B. Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	bls. 3
1. kafli: Stiklað á stóru í sögu kristnifræðikennslu á Íslandi.....	4
1.1 Fræðslulög og námskrár.....	5
2. kafli: Kristnifræði- og trúarbragðafræðikennsla.....	12
2.1 Staða kirkju og kristni á Íslandi.....	13
2.2 Trúarlíf Íslendinga.....	16
2.3 Kristnifræði- og trúarbragðafræðikennsla í Bretlandi, Pýskalandi og á Norðurlöndunum.....	20
2.4 Kristnifræði- og trúarbragðafræðikennsla á Íslandi.....	27
2.4.1 Trúaruppeldi og lífsleikni.....	29
3. kafli: Með- og mótrök fyrir kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu.....	33
4. kafli: Kristlegt siðgæði og siðfræði.....	42
Niðurstaða.....	46
Lokaorð.....	52
Heimildir.....	53

Inngangur

Undanfarin ár hefur íslenskt samfélag einkennst af æ alþjóðlegri blæ, með aukinni fjölbreytni í menningarlífinu. Á sama tíma hefur efnahagslegur uppgangur verið mikill og fátækt er orðin minna áberandi en áður var. Þessum breyttu aðstæðum í samfélaginu hefur fylgt vaxandi umræða um stöðu trúarinnar á opinberum vettvangi og í lífi fólks. Því hefur verið haldið fram að trúin hafi minna vægi á uppgangstímum og sumir telja aukinn fjölda innflytjenda gefa til kynna að staða kristninnar sé að veikjast, einkum vegna vaxandi fjölbreytileika í trúarlífinu. Með því að halda uppi kenngslu í kristnum fræðum í grunnskólum landsins sé því vegið að trúfrelsi og mannréttindum nemenda og fjölskyldna þeirra; fagið kristnifræði eigi ekki lengur við í heimi þar sem önnur trúarbrögð, sem og trúleysi, hafi meiri hylli að fagna en hin fyrrum einráða kristna kirkja. Í því ljósi eigi einkenni kristins átrúnaðar heldur ekki heima í grunnskólalögum eða á öðrum opinberum vettvangi.

Í þessari ritsmíð verður fjallað um þessa umræðu; kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu í skyldunámi á Íslandi. Þótt um víðan völl sé að fara, verður umfjöllunin hér takmörkuð við það sem mest ber á í ræðu og riti varðandi umræðuna. Í fyrsta kafla verður í stórum dráttum farið yfir sögu kristnifræðslu á Íslandi, frá upphafi til dagsins í dag og kannað hvaða markmiðum lög og námskrár hafa sett faginu.

Í öðrum kafla verður staða þjóðkirkjunnar og kristinnar trúar skoðuð, einkum með því að rýna örlítið í trúarlíf landsmanna. Auk þess verður kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu gerð skil, fyrst í nokkrum löndum sem Íslendingar bera sig gjarnan við og svo á Íslandi.

Þriðja kafla er ætlað að veða og meta rök með og á móti kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu í grunnskólum og gerð grein fyrir þeim röddum sem hæst heyrast í, í þeim rökræðum.

Fjórði og síðasti kaflinn fjallar um frumvarp menntamálaráðherra, þar sem hið gamalgróna hugtak, „kristilegt siðgæði“, er felld brott úr markmiðsgrein grunnskólalaganna. Farið verður yfir skilgreiningu hugtaksins og hugsanleg tengsl þess við brot á trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og þar með við mannréttindabrot. Siðgæði og siðfræði veða gerð nán skil og fjallað um hugmyndir fræðimanna um hið kristna siðgæði og kristnifræði-, trúarbragðafræði- og siðfræðikennslu barna.

Að lokum verða umræðan og rökfærslurnar teknar saman í niðurstöðu en lokaorð setja svo endapunktinn á ritgerðina.

1. kafli: Stiklað á stóru í sögu kristnifræðikennslu á Íslandi

Þegar kristin trú var lögtekin á Íslandi um árið 1000, upphófst nýtt skeið í sögu þjóðarinnar. Miklar breytingar fylgdu nýjum sið og umbætur áttu sér stað á ýmsum sviðum, einkum í þágu fátækra og sjúkra. Kirkjunni fylgdu skólar og bækur, vísindi og fræði og hlutverk biskupsstólanna og klaustranna varð afar mikilvægt. Þekktustu menntasetur kirkjunnar á fyrstu öldum hennar hér á landi voru í Skálholti, á Hólum, í Odda og í Haukadal, þar sem til að mynda Ari fróði stundaði sitt nám. Lærðir menn hófu ritun hér á landi en almenningur var þó ólæs. Smám saman lærði fólk að lesa og festi á blað sagnir sem það hafði geymt munnlega mann fram af manni í fjölda ára. Íslendingar fóru að skrifa á eigin tungumáli um árið 1100 og þá hófust miklar skriftir á biskupsstólunum. Klaustrin voru fámenn en þó mikilvæg og höfðu mikil áhrif á trúarlífið.¹

Kirkjan festi rætur hér á landi fljótlega eftir kristnitökuna. Fast helgihald hennar, guðsþjónustur, dýrlingar og ýmsar hátíðir tengdar henni, sýna að kirkjan snerti líf einstaklinga nánast alla ævi þeirra. Það kann að hafa verið Íslendingum visst öryggi í því sem kristin hugmyndafræði og helgisíðir buðu upp á. Kirkjur, skólar og klaustur risu, bókmenntir og listir blómguðust og kirkjan varð æ viðameiri stofnun í samfélaginu. Á þennan hátt hélst kirkjan að mestu næstu fimm hundruð árin eða allt þar til nýr siður var tekinn upp.

Siðbreytingin um árið 1550 hafði í för með sér aukna menntun. Samkvæmt skoðun frumkvöðuls siðbreytingarinnar, Marteins Lúthers, hafði menntun fyrst og fremst því hlutverki að gegna að auka á hæfni manna til að sinna veraldlegum skyldum. Þannig lagði hann áherslu á samfélagslegt mikilvægi menntunar, auk þess sem trúarleg fræðsla þjónaði andlegum tilgangi.²

Með siðbreytingunni hófst almenn formleg kennsla í kristnum fræðum. Kennslan fólst fyrst og fremst í guðsþjónustu kirkjunnar og þátttöku manna í henni. Siðbreytingarmenn álitu að þeir sem skírðir væru, ættu að fá fræðslu í kristinni trú. Auk þess sem kennslan fór fram í kirkjum, lögðu siðbreytingarmenn áherslu á fræðslu heimilanna sem og skólanna.³ Bækur kristnifræðikennslunnar voru aðallega *Fræði Lúthers hin minni* og hver byggð á þeim, og eru enn víða í kristindómskennslu evengelísk-lútherskra kirkna. Spurningar með svörum voru aðferð fræðslunnar í um þrjú

¹ Gunnar Kristjánsson 2000, bls. 56-57.

² Sigurður Pálsson 1984, bls. 7.

³ Sigurður Pálsson 1984, bls. 10.

hundruð ár, auk þess sem húslestrarbækur og sálmar voru mikið lesin. Við þetta kennsluform bættust síðar biblíusögur og voru þær notaðar ásamt fræðunum, enda þótti spurningaflóð fræðanna helst til einfalt og leiðigjarnt eitt og sér.

1.1 Fræðslulög og námskrár

Í upphafi 20. aldar fékk Guðmundur Finnbogason, sálfræðingur og heimspekingur, styrk frá Alþingi til að rannsaka uppeldis- og menntamál á Norðurlöndunum og lagði hann í kjölfarið fram tillögur um barnafræðslu hér á landi. Ein merkasta spurning hans um trúarbragða- og siðfræðikennslu er enn þann dag í dag bitbein mikið í þjóðfélögum víðs vegar á Vesturlöndum og undanfarin ár hefur borið æ meira á henni á Íslandi. Spurningin snýst um það, hver eigi að sjá um að uppfræða börn um trúarleg efni og siðfræði. Eru það heimilin, kirkjan eða skólinn? Eru það jafnvel þessir aðilar í sameiningu?⁴ Þá, sem og nú, er kristnifræðikennsla skólanna gagnrýnd á þeim forsendum helstum, að trú og lífsskoðun séu uppeldismál foreldranna en skólinn eigi að sjá um hlutlausa fræðslu.

Þegar Guðmundur skrifar, er kristnifræðikennslunni þannig háttað, að börn læra barnalærdómskver utanbókar og eitthvað af biblíusögum. Hann leggur til þá breytingu, að börnin séu látin lesa orð Krists sjálfs, þegar þau séu orðin læs, í stað þess að mata þau á trúfræðslu. Frásagnir Nýja testamentisins séu vel til þess fallnar að börn lesi þær og hafi gagn og gaman af, enda séu þær „...að jafnaði svo ljósar og lifandi...“.⁵ Guðmundur telur að á þennan hátt geti kennslan lagt grunn að farsælu trúar- og siðferðislífi einstaklinganna. Þó ættu prestarnir einir að sjá um sérstakan fermingarundirbúning.

Guðmundur gagnrýnir kristnifræðikennsluna fyrir það, hve hún einkennist af þurrum utanbókarlærdómi og yfirheyrslu. Börnin svari reiprennandi en hvorki þau né kennarinn hafi gaman af. Börnin leggi jafnvel fæð á fræðsluna í þessari mynd. Svona sé þessu háttað hér á landi, sem og á öðrum Norðurlöndum. Því beri að haga kennslunni þannig, að börnin skilji hana. Ímyndunarafli þeirra verði að geta sett þeim það sem þau læra, lifandi fyrir hugarsjónir. Þess má geta að á þessum árum var kristnifræðikennslan um 25% af kennslustundum grunnskólabarna.

Tillögunni um skiptingu trúfræðslunnar milli heimilis og skóla, var tekið fálega innan stjórnarráðsins og því haldið fram að fremur ætti að gera kennarana hæfari til

⁴ Guðmundur Finnbogason 1994, bls. 115.

⁵ Guðmundur Finnbogason 1994, bls. 123.

kennslunnar en að færa hana annað. Kristnifræðikennslunni ætti því að halda áfram innan skólanna.⁶ Í frumvarpi til laga 1907 var ákvæði um niðurfellingu kennslunnar í farskólum og varð það að lögum, ásamt því að sleppa mætti kristnifræðikennslu í föstum skólum. Kristnifræðikennslan hélst því innan skólanna og með henni undirbjuggu kennararnir börnin fyrir ferminguna. Kirkjan ákvað þó námsefnið.

Eftir að fræðslulögin tóku gildi 1907 missti kirkjan þau tögl og hagldir í fræðslumálum sem hún hafði haft um aldabil. Stjórnarráðið tók nú yfir fræðslumálin, utan kristnifræðsluna sem skólinn annaðist í umboði kirkjunnar. Með nýjum fræðslulögum 1926 var svo enn slitið á tengsl kirkju og skóla, þegar kennurum var falin söguleg kristindómsfræðsla en prestum trúfræðin – með því lauk formlegri aðkomu kirkjunnar að fræðslu skólanna. Á milli 1907 og 1926 snerist deilan um kristnifræðikennsluna einkum um kverkennsluna; hvort kenna ætti kverin eða biblúsögur og hvort skólarnir eða kirkjan skyldu sinna fræðslunni. 1929 kom svo út námskrá fyrir skyldunám, þar sem kristnifræðikennslan var útlustuð og tekið fram að kennslan skuli hefjast við átta ára aldur. Þar kemur fram að kristnifræðin tekur um 5,75% af samanlögðum stundafjölda í skyldunáminu.⁷

Ef skoðaður er listi yfir námsbækur árið 1929, er eftirfarandi bækur að finna: Barnabiblía I og II; Biblúsögur og ágríp af kirkjusögunni handa börnum; Markúsarguðspjall og dæmisögur og ræður út Lúkasar- og Mattheusarguðspjalli.⁸ Eitthvað bar á gagnrýni á kennsluhætti og -bækur næstu árin og fólst hún einkum í því að börn ættu erfitt með að skilja það sem þau læsu.

Ákvæði um kristnifræðikennslu voru eins í fræðslulögum 1936 og þau höfðu verið 1926 en í fræðslulögum árið 1946 var hvergi að sjá ákvæði um kristnifræðikennslu fyrir yngri deildir grunnskóla. 1948 komu út drög að námskrá, þar sem kristinna fræða er getið í yngri deildum, en þá sem hluta af „átthagafræði“. *Biblúsögur* Eivind Berggrav eru þar meginkennsluefnið.

Í nýrri námskrá sem gefin var út árið 1960, gat í fyrsta sinn að líta yfirlit yfir námsefni hvers árs fyrir sig. Um markmið kristnifræðikennslunnar segir þar:

Kristindómsfræðslan á að veita nemendum þekkingu á aðalefni ritningarinnar, fræða þá um líf, kenningu og starf Jesú, efla þroska þeirra með fræðslu um lífsskoðun og

⁶ Sigurður Pálsson 1984, bls. 42.

⁷ Sigurður Pálsson 1984, bls. 56-57.

⁸ Sigurður Pálsson 1984, bls. 57.

siðfræði kristinnar trúar. Þeir skulu læra nokkra sálma og ritningargreinar og vita deili á helstu viðburðum kirkjusögunnar.⁹

Stundafjöldi kennslunnar var sá sami og árið 1948.

1971 var lagt fram frumvarp til laga um grunnskóla. Kristinna fræða var ekki getið í frumvarpinu, einungis var talað um trúarbragðafræði og almenna siðfræði. Kirkjuráð fékk það sama ár frumvarpið til athugunar og gerði athugasemd við markmiðsgrein laganna og stöðu kristinna fræða. Ráðið fór fram á að í nýjum lögum um skyldunám íslenskra barna, yrði kveðið skýrt á um fræðslu í kristnum lífsviðhorfum og siðgæði og taldi að „aldrei hafi verið brýnna en nú, bæði fyrir einstakling og þjóðfélag, að kristin fræðsla sé vel rækt í skólum landsins og fái mótað íslenskt þjóðaruppeldi.“¹⁰ Frumvarpið fékkst ekki afgreitt á þinginu 1970-71 en 1972 var það endurskoðað og nú voru komin inn ákvæði um kristnifræðikennslu. Frumvarpinu var vísað til nefndar án umræðu. Það var loks lagt fram á þingi óbreytt 1973/74. Gunnar Thoroddsen, lögfræðingur og formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, sagði í ræðu á þingi að hann teldi nauðsynlegt að í ákvæðum um markmið grunnskólans kæmi fram að skólastarfið byggist á því að innræta nemendum „kristilegt siðgæði“. Frumvarpinu var svo vísað til menntamálanefndar sem gerði þær breytingar, að 2. grein frumvarpsins, markmiðsgreinin, hljóðaði svo: „Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi“. Auk þess lagði nefndin til að í 43. grein kæmi fram ákvæði um „...kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð“.¹¹ Frumvarpið varð að lögum 1974.

Árið 1973 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um endurskoðun námskrár, námsefnis og kennslu í kristnum fræðum á barnafræðslu- og gagnfræðastigi. Nefndin skilaði álit 1976 og komu þar fram ítarlegar tillögur um námsefni, kennslustundafjölda sem og tengsl kristinna fræða við önnur fög.¹²

Í kaflanum um skipulag kennslu, kennsluaðferðir og kennslutækni segir m.a.:

Hvernig hefur kennslu í kristnum fræðum verið háttað hér á landi á undanförunum áratugum? Óhætt mun að fullyrða að nær eingöngu hafi verið kenndar Biblíusögur.

⁹ Guðni Olgeirsson, *Aðalnámskrá grunnskóla*.

<http://starfsfolk.khi.is/meyvant/PowerPoint/kynningargl%C3%A6rur-%20KHI-GudniOlgeirsson.ppt>

¹⁰ Sigurður Pálsson 1984, bls 68-69.

¹¹ *Alþingistíðindi* 1973/4. A-deild, bls. 1711 og 1714.

¹² Menntamálaráðuneytið 1976, *Endurskoðun námsefnis og kennslu í kristnum fræðum í grunnskóla*. Nefndarálit.

Kenndar hafa verið sögur af einstökum mönnum og/eða atburðum Gt. og sögur af Jesú Kristi. Til þess hefur verið ætlast af nemendum, að þeir kynnu síðan skil á persónum og atburðum og gætu jafnvel endursagt sæmilega skilmerkilega sumar þessara sagna. Ástæða er til að ætla að minna hafi verið gert af því að yfirfæra hið biblíusögulega efni á samtíðina eða inn í heim nemendans, aðstæður hans, viðhorf og vandamál. Að sjálfsögðu eru til undantekningar frá þessari fullyrðingu en að líkindum aðeins undantekningar. Þessi háttur kennslu í kristnum fræðum (biblíusögum) er ekki séríslenskt fyrirbæri heldur virðist til skamms tíma hafa verið sameiginlegur fyrir mikinn hluta hins evangelísk-lútherska heims. Einkennandi fyrir þessa kennslu er:

- að kennarinn (og e.t.v. kennslubókin) endursegja nemendum biblíutexta, oft í mjög einfaldaðri mynd, einkum í yngri deildum,
- að kennarinn (eða kennslubókin) útskýrir biblíutexta fyrir nemendum (sjaldnar að nemendur séu sjálfir hvattir til slíks með innleiðandi spurningum). Þetta stig fellur þó oft út í kennslunni enda þótt það gæti gefið tilefni til að flytja viðfangsefnið inn í hugarheim og aðstæður nemendans,
- að nemendur eru látnir skrifa útdrátt úr einstökum sögum og/eða einstök atriði eða biblíuvers, einkum í þeim tilgangi að hjálpa þeim að muna ákveðin atriði eða til að dýpka skilning (sjaldnar).

Engin marktæk rannsókn hefur farið fram hér á landi er gefi til kynna hvaða árangri þessir kennsluhættir skila. Rannsóknir á viðhorfum og þekkingu nemenda hafa hins vegar farið fram t.d. í Svíþjóð, Þýskalandi og Bretlandi þar sem þessum kennsluháttum hefur verið beitt. Af niðurstöðum þeirra má draga nokkurn lærdóm enda þótt varlegt sé að flytja niðurstöður óunnar milli landa.¹³

Niðurstöður rannsóknanna gáfu til kynna að nemendur væru yfirhöfuð fjarlægir námsefninu og að áhugi þeirra væri lítil og minnkaði jafnvel með aldrinum. Þetta mætti heimfæra upp á íslensk ungmenni. Í framhaldi af þessum niðurstöðum leitaðist nefndin við að svara því, hver tilgangurinn með kristnifræðikennslu væri. Ljóst væri að hefðbundin aðferð, með innrætingu og utanbókarlærdómi, væri ekki að skila miklu. Í kristnum fræðum þyrfti að taka tillit til ýmissa þátta, svo sem til þarfa, þekkingar og

¹³ Sigurður Pálsson, *Krsitin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í skyldunámi*.
<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/samfelag/kristinfrædi/sagan.html>

áhuga nemandans, til samfélagsins og krafna þess og ekki síður til guðfræðinnar sjálfrar og sambands hennar við kennslufræði og uppeldisfræði.

Í nefndarálitinu voru sett fram markmið náms í kristnum fræðum í grunnskóla. Þar er þess meðal annars getið að nám í kristnum fræðum eigi að efla trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska nemenda. Það skyldi framkvæmt með víðtækri fræðslu um Jesú Krist, kenningu hans, Biblíuna og sögu kristninnar. Mikilvægi trúarinnar fyrir samfélagið, siðfræði, ábyrgð og umhverfi skyldi kunngjörð og þekking á kirkjudeildum og söfnuðum eflað. Stuðlað skyldi að virðingu fyrir eintaklingnum, umburðarlyndi og innrætingu á réttindum og skyldum gagnvart náunganum.¹⁴

Námskrá var gefin út sama ár, 1976, og var hún grundvölluð á þessu álit nefndarinnar. Með því breyttist kristnifræðikennslan á róttækan hátt, þannig að kristleg siðfræði fékk nú aukna áherslu, aðrar kirkjudeildir og önnur trúarbrögð sömuleiðis og breyttar kennsluáferðir voru kynntar, með auknu tilliti til nemendanna og skilnings þeirra á námsefninu.

Í endurskoðaðri námskrá árið 1989 er greinin nefnd „kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræðsla“ og eru markmiðin þau sömu og í námskránni 1976. Í 2. kafla eru þó athygliverð nýmæli, sem snúa að trúar- og lífsskoðunum:

Mikilvægt er að sýna nærgætni þegar fjallað er um málefni og viðhorf sem tengjast heimilum, t.d. neyslu og lífsvenjur. Þetta á sérstaklega við um trúar- og lífsskoðanir. Með hliðsjón af sérstöðu þessara þátta, einkum hvað varðar trúfrelsi, er heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá ákveðnum þáttum skyldunáms grunnskóla. Jafnframt ber að tryggja hverjum nemanda sem fær undanþágu jafnvæg tækifæri til menntunar og þroska.¹⁵

Í námskrá frá árinu 1999 er þess getið í kaflanum „Nám og kennsla“ að:

...kristilegt siðgæði á að móta starfshætti skólans ásamt umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi. Þó að þetta eigi við um skólastarfið almennt hlýtur kennsla í kristnum fræðum að sinna þessum þætti sérstaklega og vinna markvisst að því að

¹⁴ Menntamálaráðuneytið 1976, *Endurskoðun námsefnis og kennslu í kristnum fræðum í grunnskóla*. Nefndarálit.

¹⁵ Sigurður Pálsson, *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í skyldunámi*.
<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/samfelag/kristinfrædi/sagan.html>

stuðla að siðgæðisþroska nemendanna í glímu við siðfrerðileg álitamál. Gengið er út frá því að það sé gert í ljósi kristilegrar siðfræði.¹⁶

Námskráin frá árinu 2007 getur þeirra breytinga frá fyrri námskrá, að aukin áhersla sé lögð á önnur trúarbrögð en kristni. „Verður það að teljast eðlilegt í ljósi vaxandi fjölmenningar í landinu og aukinna tengsla á milli ólíkra menningarsvæða í veröldinni. Breytingin kemur einkum fram á miðstigi og yngsta stigi grunnskólans.“¹⁷

Í inngangi sömu námskrár er enn kveðið á um að skólastarfið skuli mótast af „...lýðræðislegu samstarfi, kristilegu siðgæði og umburðarlyndi [...] og efla þannig virðingu og skilning í samskiptum einstaklinga og þjóða með ólík lífsviðhorf.“ Þar segir enn fremur:

Kristin trú hefur verið mótandi afl í íslensku þjóðlífi í þúsund ár og er enn enda eru um 95% þjóðarinnar skráð í kristin trúfélög. Saga og menning þjóðarinnar verður vart skilin án þekkingar á kristinni trú og siðgæði og sögu kristinnar kirkju. Sama gildir um vestræna sögu og menningu. Bókmenntir og aðrar listir sækja vísanir og minni í texta Biblíunnar og daglegt íslenskt mál er ríkt af orðatiltækjum og líkingum sem teknar eru þaðan.

Önnur og ólík samfélög verða heldur ekki skilin án þekkingar á ríkjandi trúarbrögðum og siðferðilegum gildum. Námi í almennum trúarbragðafræðum er ætlað að miðla þeirri þekkingu og auka þannig skilning á ólíkum menningar- og trúarhefðum. Traust þekking á eigin rótum og skilningur á ólíkum lífsviðhorfum stuðlar að umburðarlyndi og víðsýni.

Mikilvægur þáttur í þroskaferli hvers einstaklings er mótun heilbrigðrar sjálfsmýndar. Hún felur meðal annars í sér heildstætt lífsviðhorf og skilning á sjálfum sér sem einstaklingi og sem hluta af stærri heild. Skólinn þarf því að gefa nemendum tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tengjast leit þeirra að svörum við spurningum um merkingu lífsins og siðræn gildi og miðla þekkingu þar að lútandi. Umræða um þessi efni þroskar dómgreind nemendanna og eykur þeim víðsýni. Hvatning til að taka afstöðu á forsendum þekkingar og skilnings stuðlar að sjálfræði að því er varðar lífsviðhorf og gildismat.¹⁸

¹⁶ Aðalnámskrá grunnskóla. *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði* 1999, bls. 8.

¹⁷ Aðalnámskrá grunnskóla. *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði* 2007, bls. 4.

¹⁸ Aðalnámskrá grunnskóla. *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði* 1999, bls. 5.

Í dag, árið 2008, eru kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði kennd í 1.-10. bekk en í 8.-10. bekk falla þau þó í sumum skólum undir samfélagsfræði.¹⁹ Samkvæmt þrepamarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla á kennslan á yngri stigum að fara fram með sögum, umræðum og vettvangsferðum.²⁰ Einnig eru börn frædd um önnur helstu trúarbrögð heims. Upp úr 6. bekk fara börnin að læra um siðfræðileg mál, til að mynda um minnihlutahópa og umhverfisvernd. Í 8. bekk fá nemendur heimsókn frá kristnu trúfélagi, ef mögulegt er, til að læra að kunna skil á helstu trúfélögum á Íslandi. Í 9. og 10. bekk er lögð meiri áhersla á aðrar samfélagsgreinar, svo sem sögu og þjóðfélagsfræði sem og önnur trúarbrögð en kristni. Siðfræðileg mál og fjölmiðlar eru rædd og áhersla lögð á gagnrýna hugsun.

Ljóst er að í grunnskólalögum er megináhersla lögð á kristna trú í trúarbragðafræðum. Það er talið eðlilegt í ljósi sögu og menningar þjóðarinnar. Tímafjöldi kennslunnar er talin með samfélagsgreinum og eru að meðaltali þrjár stundir á viku eða 9% af heildarstundafjölda. Kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði er ætluð í það minnsta ein stund á viku, stundum minna, og til eru dæmi um að tímarnir falli alveg niður.²¹

Allt frá því kristni var gerð að ríkistrú í Rómaveldi hinu forna, hefur hún vaxið sem andlegt og veraldlegt vald. Stofnanir samfélaga Evrópu lutu lengi vel konunglegum og kirkjulegum yfirvöldum og líf einstaklinga var að mestu leyti varðað kirkjulegum skyldum og hugmyndafræði allt frá vöggju til grafar. Kirkjan snerti líf manna án þess að þeir hefðu mikið um það að segja. Með upplýsingaöldinni á 18. öld urðu breytingar á þessu. Upphafið á þeirri breytingu má rekja til þjóðfélagsbreytinga sem áttu sér stað í Evrópu en hugmyndafræðilegt upphaf er það stundum rakið til greinar sem þýski heimspekingurinn Immanuel Kant skrifaði árið 1784: *Svar við spurningunni: Hvað er upplýsing?* Með þessari grein varð vakning í Evrópu og menn fóru í fyrsta sinn að efast um réttmæti valds kirkjunnar. Gagnrýnin hugsun og umræða um menningu og samfélag vaknaði til vitundar og rótgróin gildi og viðhorf urðu að víkja. Vísindi og skynsemi urðu lykilorð tímabilsins og þekkingin fór að byggjast á efnislegum staðreyndum. Allt sem ekki var hægt að höndla með vísindalegum hætti, var sett til hliðar sem hindurvitni.

¹⁹ Hér er tekið dæmi úr skólanámskrá Langholtsskóla.

²⁰ *Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði* 2007. Viðauki, þrepamarkmið, bls. 12 o.áfr.

²¹ Gunnar J. Gunnarsson 2006, bls. 47.

Eigið hyggjuvit og dómgreind var regla Kants, en án þess værum við ófrjáls og háð hefðinni („Sapere aude!“).²²

Frá tíma upplýsingaaldarinnar hefur kirkjan misst ítök sín í stofnunum samfélaga, þar með talið skólanum. Eins og sjá má af sögu kristnifræðikennslu, hefur vægi kristni og kirkju farið minnkandi eftir því sem nær dregur nútímanum og í dag er svo komið að kristni á undir högg að sækja sem fræðigreini. Tengsl skóla og kirkju eru í brennidepli umræðunnar um kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu og sér ekki fyrir endann á þeirri umræðu. Spurningin sem brennur á vörum manna hér á landi snýst um hvaða hlutverki kristnifræðikennsla geti gegnt í nútímasamfélagi, þar sem sívaxandi veraldarhyggja, fjölmennning og fjölhyggja eru áberandi. Hver á að sjá um siðferðilegt og trúarlegt uppeldi barna: heimilin, kirkjan eða skólinn?

2. kafli: Kristnifræði- og trúarbragðafræðikennsla

Í kjölfar vaxandi veraldar- og vísindahyggju hefur staða kirkju og kristni á Íslandi breyst. Afhelgun (e. secularization) hefur tilhneigingu til að fylgja bættum efnahag og aukinni trú á tækniframfarir. Með því hefur fjölhyggja (e. pluralism) vaxið. Síðastliðna áratugi hefur svo æ fleira fólk flust hingað til lands frá öðrum menningarsvæðum, þannig að samfélagið er orðið fjölmenningarlegt (e. multicultural).²³ Hér á landi hefur fjölhyggja og fjölmennning hafið innreið sína síðar en í öðrum Evrópulöndum og því er forvitnilegt að líta til annarra samfélaga þegar breyting sem þessar eru skoðaðar. Umræða um kristnifræðikennslu hefur óhjákvæmlega litast af þessum þjóðfélagsbreytingum.

Í þessum kafla verður staða kirkju og kristni á Íslandi skoðuð, með tilliti til almennings og menntastefnu ríkisstjórnarinnar. Litið verður til meginlands Evrópu og Skandinavíu til að skoða þjóðfélagsbreytingar þar og sjá hvar umræða um trúarbragðafræðslu stendur. Loks verða metin rök með og á móti kristni- og trúarbragðafræðikennslu í íslensku skyldunámi.

²² Róbert H. Haraldsson, *Hvað eru „upplýsing“ og „núttími“?*

<http://www.hi.is/~robhar/ForspjallSTHkantogfoucualt.ppt#272,2>, Kant: “Svar við spurningunni: Hvað er upplýsing?”

²³ Í grein sinni „Trúarbragðafræðsla í fjölmenningsamfélagi“ (2003) gerir Sigurður Pálsson þann greinarmun á fjölhyggjusamfélagi og fjölmenningsamfélagi að í því fyrrnefnda eigi þegnar með ólík viðhorf rætur í sömu menningu og tali sömu tungu. Bls. 113.

2.1 Staða kirkju og kristni á Íslandi

Á Íslandi er lúthersk evangelísk þjóðkirkja. Önnur kristin trúfélög eru rúmlega tuttugu talsins. Á vef Hagstofu Íslands eru upplýsingar um fjölda fólks í trúfélögum sem og skráningar í og úr þeim.

Árið 2007 voru brottskráðir úr þjóðkirkjunni alls 1685. Af þeim skráðu 685 sig utan trúfélaga en 525 skráðu sig í kaþólsku kirkjuna.²⁴ Mest fjölgun utan kristinna trúfélaga var í ásatrúarfélaginu, eða 106 manns. Samkvæmt vef Hagstofu Íslands voru því 80,6% þjóðarinnar skráðir í þjóðkirkjuna og um 90% skráðir í kristin trúfélög 1. desember 2007. Hér á landi fæðast börn inn í kirkju eða trúfélag móðurinnar en trúfélagaskipti eru tilkynnt af einstaklingum eða forráðamönnum þeirra.

Andstæðingar kristnifræðikennslu í íslenskum skólum vísa gjarnan til þess að æ fleiri séu að segja sig úr þjóðkirkjunni og að í raun trúi fái á Guð hér á landi. Þann 12. desember 2007 fór fram utandagskrárumræða á Alþingi um stöðu þjóðkirkjunnar, kristni og kristnifræðslu.²⁵ Umræðan fór fram í kjölfar frumvarps menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, til laga um grunnskóla. Með frumvarpinu lagði ráðherra það til að fella skyldi úr ákvæðinu um starfshætti skóla þá klausu að þeir mótist af „kristilegu siðgæði“. Upphafsmáður umræðunnar, Guðni Ágústsson, benti á að kristni hafi fylgt þjóðinni í þúsund ár og væri samofin menningu og sögu landsins. Einnig benti hann á andstöðu trúleysingja við krossmark íslenska fánans sem og upphafsorð þjóðsöngsins. Enn fremur gat hann tilmæla sem menntamálaráðherra mun hafa sent til skólayfirvalda um að fermingarfræðsla fari fram utan lögbundins skólatíma og ekki sé heimilt að veita nemendum í 8. bekk leyfi til að fara í eins til tveggja daga ferð á vegum kirkjunnar í tengslum við fermingarundirbúning, þar sem slíkt samræmdist ekki grunnskólalögum eða aðalnámskrá.

Dóms- og kirkjumálaráðherra, Björn Bjarnason, tók undir áhyggjur Guðna og sagði m.a.:

Það yrði íslensku þjóðinni til varanlegs tjóns ef hætt yrði að leggja rækt við hinn kristna arf eða drægi úr virðingu fyrir kristni og kirkju. Hinn kristni grunnur er þjóðinni ekki minna virði en sagan og tungan. Hitt er síðan álitæfni hverju sinni hvernig haga beri löggjöf til að tryggja að grunngildi þjóðlífsins séu í heiðri höfð. [...] Frumvarp til nýrra laga um grunnskóla tekur mið af þeim sjónarmiðum sem búa

²⁴ Hagstofa Íslands, hagtölur. www.hagstofa.is

²⁵ <http://www.althingi.is/altext/135/12/112152918.sgml>

að baki trúfrelsi. Ákvæði laganna ber þó ekki að túlka á þann veg að í þeim felist andstaða við kristinn boðskap eða andstaða við að hann eigi erindi inn í skólana. [...] Kristni stendur traustum fótum hér á landi. Í þjóðkirkjunni og öðrum kristnum söfnuðum landsins eru meira en 95% landsmanna. Á árabílinu 1996–2005 fengu tæplega 42 þúsund börn nafn hér á landi og af þeim fengu að meðaltali 83,2% nafn við skírni í þjóðkirkju. Vísbendingar eru á hinn bóginn um að hlutur þjóðkirkjunnar minnki í samanburði trúfélaga, frá 1. desember 1980 fram til 1. desember 2007 hefur landsmönnum fjölgað um 37% en um 18% í þjóðkirkjunni.²⁶

Menntamálaráðherra tók loks til orða og sagði:

Frú forseti. Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um stöðu kristinnar trúar og trúarbragðafræðslu í skólakerfinu, m.a. í ljósi þess að í frumvarpi til nýrra grunnskólalaga er ekki lengur kveðið beint á um kristilegt siðgæði. Nefndin sem vann að endurskoðun grunnskólalaga undir forustu Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur var þess vel meðvituð að breyting sem þessi orkaði tvímælis og væri mjög viðkvæm. Víðtæk samvinna var höfð af hálfu nefndarmanna við hina ýmsa aðila, eins og guðfræðideild Háskólans, þjóðkirkjuna og umboðsmann barna. Niðurstaðan varð sú, m.a. í ljósi nýlegrar niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu gagnvart Norðmönnum, að ekki væri stætt á öðru en að leggja til breytingu sem þessa á lögum.

Í frumvarpinu segir að starfshættir grunnskóla skuli „mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi“. Við erum því, frú forseti, síður en svo að úthýsa kristninni og kærleiksríku inntaki hennar úr grunnskólalögum. Kristin fræði gegna einnig þýðingarmiklu hlutverki í aðalnámskrá grunnskólans og er mikilvægasti þáttur trúarbragðakennslunnar. Á því verður engin breyting, enda erum við og höfum í árþúsund verið kristið samfélag. Menning okkar og saga einkennist og mótast mjög af kristni og vandséð er hvernig ungt fólk eigi að fá innsýn í og skilja samfélag sitt án haldgóðs skilnings á kristinni trú. Ég nefni sem dæmi bókmenntir þar sem skírskotanir ýmsar í kristni og kristnihald, t.d. undir Jökli, er alls staðar að finna. Á hinn bóginn verðum við að gera greinarmun á fræðslu og trúboði, enda ekki

²⁶ <http://www.althingi.is/raeda/135/rad20071212T153613.html>

hlutverk skólans að standa í slíku. Það er hlutverk kirkjunnar að sjá um þann hluta, rétt eins og það er hlutverk hennar að standa að fermingarfræðslu. Slíkt getur ekki orðið hluti af skóladagatali og þar með skyldunámi nemenda eins og vísbendingar voru um. Nemendur og foreldrar geta hér eftir sem hingað til óskað eftir leyfi vegna slíkra ferða og skólastjórnendum er heimilt að veita slíkt orlof. Almennt séð, frú forseti, hefur samstarf skólanna og kirkjunnar verið afar farsælt og verður vonandi engin breyting þar á.²⁷

Að lokum tók dóms- og kirkjumálaráðherra aftur til máls og sagði: „Ég tel að menn leggi of mikla merkingu í það að orðin kristilegt siðgæði séu ekki í frumvarpi til grunnskólalaga og dragi af því ályktanir, t.d. þær að þjóðkirkjuskipanin brjóti í bága við mannréttindaákvæði.“²⁸ Var hann að vísa til þess að Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurðaði árið 2007 að kristnifræðikennsla í norskum skólum bryti á mannréttindum barna af annarri trú en kristni og foreldra þeirra. Nánar verður fjallað um þennan dóm í kafla 2.3.

Staða kristinnar trúar virðist standa traustum fótum á Íslandi. Kannanir gefa til kynna að yfirgnæfandi hluti landsmanna trúi á Guð í einhverri mynd. Andstæðingar kennslu í kristnum fræðum telja margir aukna fjölmenningu og fjölhyggju í landinu valda því að brotið sé á þeim sístækkandi hópi íslenskra ríkisborgara sem ekki er kristinnar trúar. Þó er ljóst, meðal annars af blogg síðum, að andstaðan er ekki frá fólki af annarri menningu komin, heldur frá trúlausum eða Íslendingum af annarri trú en kristni. Því má ætla að aukin fjölhyggja Íslendinga, svokölluð „einkatrú“ sem og guðleysi, sé rótin að þeim mótstöðuröddum sem láta á sér bera í fjölmiðlum nú um stundir.

Staða kirkjunnar virðist líka ágæt, ef miðað er við kirkjusókn. Það er helst um hátíðir og við hefðbundnar athafnir eins og giftingar, fermingar, skírnir og jarðarfarir, sem fólk sækir kirkju en einnig er nokkuð um að fólk sækir safnaðarstarf kirkjunnar, til dæmis æskulýðsstarf, kóræfingar, starf aldraðra og fundi. Einnig eru heimsóknir ferðamanna tíðar. Á áhugaverðri blogg færslu Svavars Alfreðs Jónssonar þann 20. febrúar 2008,²⁹ sköpuðust líflegar umræður um hvort fullyrðing hans um að tal um tómar kirkjur sé goðsögn og sitt sýndist hverjum. Svo virðist sem tölur um sókn

²⁷ <http://www.althingi.is/raeda/135/rad20071212T154939.html>

²⁸ <http://www.althingi.is/raeda/135/rad20071212T160134.html>

²⁹ <http://svavaralfred.blog.is/blog/svavaralfred/entry/450168/>

landsmanna í kirkjur séu einhverjum mikilvægar á meðan það nægir öðrum að þjónustan sem sótt sé, sé góð, og einhverjum kom á óvart hversu margir voru í kirkjunni þegar viðkomandi sótti hana nokkra sunnudaga í röð. Ein athugasemd var á þessa leið:

Að mínu mati eru tölulegar upplýsingar gagnlegar á margan hátt. Með tölulegum upplýsingum er hægt að sjá hvað fellur best að geði en hitt er annað mál að þjónusta sem ekki laðar til sín fjölda fólks getur verið nauðsynleg engu að síður.³⁰

Séra Þórhallur Heimisson bætir einnig við athugasemd þar sem hann segist telja að ósk sumra manna um tómar kirkjur sem og reynsluleysi séu rótin að fullyrðingum þar að lútandi. Sjá má tölur um kirkjusókn Íslendinga í kafla 2.2 um trúarlíf Íslendinga.

Um dalandi kirkjusókn Íslendingar skal ekki fullyrt hér en ljós má vera að fyrir þá sem kirkjuna sækja, skiptir þjónustan máli. Þótt húsfyllir sé ekki við hverja messu, þá er önnur þjónusta kirkjunnar fólki mikilvæg.

2.2 Trúarlíf Íslendinga

Árið 2004 gerði Gallup yfirgripsmikla könnun á trúarlífi Íslendinga.³¹ Sams konar könnun var gerð árin 1986-87. Í könnuninni 2004 var fjöldi svarenda 862 eða 60,4%. Rétt er að gera grein fyrir nokkrum spurningum sem lagðar voru fyrir fólk og svör við þeim, til að fá örlitla innsýn í stöðu kirkju, kristni og kennslu í kristnum fræðum á Íslandi. Taka skal fram að hlutfall það sem gefið er upp, merkir hlutfall þeirra sem tóku afstöðu.

Er kristnifræðikennsla í grunnskólum of mikil, hæfileg eða of lítil?

Svör	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) í könnun 1986-87
Hæfileg	72	48,7
Of mikil	9,1	5
Of lítil	18,9	46,3

³⁰ <http://svavaralfred.blog.is/blog/svavaralfred/entry/450168/>

³¹ http://www.kirkjan.is/skjol/truarlif_islendinga_2004.pdf

Er fræðsla í grunnskólum um önnur trúarbrögð en kristni of mikil, hæfileg eða of lítil?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Hæfileg	32,8
Of mikil	3,7
Of lítil	63,6

Ættu kristnar trúarathafnir að vera liður í uppeldi barna á dagvistarstofnunum?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>	<u>Hlutfall (%) í könnun 1986-87 (ef við á)</u>
Mjög/frekar sammála	52,9	
Hvorki né	5,6	
Mjög/frekar ósammála	41,5	

Telur þú þig vera trúaða(n) eða ekki?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Trúaða(n)	69,3
Ekki trúaða(n)	19,1
Get ekki sagt um það	11,6

Hver af eftirfarandi fullyrðingum kemst næst trúarafstöðu þinni?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Kristin(n)	76,3
Trúi á minn persónulega hátt	22,4
Játa aðra trú en kristna	0,2
Ekkert af þessu á við	1,2

Telur þú að staða Þjóðkirkjunnar almennt sé sterk eða veik?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Mjög/frekar sterk	56,1
Hvorki né	10,4
Mjög/frekar veik	33,6

Hefur Þjóðkirkjan sérstöðu umfram önnur trúarsamtök?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Já	59,9
Nei	40,1

Í hverju er sú sérstaða fólgin?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Er ríkisrekin	26,8
Er stærst/fjölmennust	23,6
Þjóðartrúin/Þjóðkirkjan	7,3
Allir fæðast inn í hana	6,0
Sterkust/rótgrónust	5,5
Ekki ofstækistrú	4,2
Fjárhagsstaðan	3,6
Fellur að mínum viðhorfum	3,6
Menningarhefð/sagan	3,1
Það sem maður er alinn upp við	2,9
Frjálslyndari/fordómalausari	2,9
Þekki þessa trú best	2,1
Lagaleg/stjórnarskrárleg sérstaða	1,8
Mest umfjöllun, kennd í skólum o.s.frv.	1,8
Einokun	1,6
Annað	19,2

Telur þú eðlilegt eða óeðlilegt að Þjóðkirkjan hafi sérstöðu umfram önnur trúarsamtök?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Mjög/frekar eðlilegt	55,3
Hvorki né	7,7
Mjög/frekar óeðlilegt	37,0

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Mjög/frekar hlynnt(ur)	46,1
Hvorki né	10,6
Mjög/frekar andvíg(ur)	43,3

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðgreiningu ríkis og kirkju?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Mjög/frekar hlynnt(ur)	57,1
Hvorki né	8,1
Mjög/frekar andvíg(ur)	34,7

Hefur þú eða börn þín tekið þátt í barna- eða æskulýðsstarfi á vegum kirkjunnar?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Já	83,1
Nei	16,9

Hefur þú tekið þátt í safnaðar- eða félagsstarfi á vegum kirkjunnar á sl. 12 mánuðum?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Já	15,0
Nei	85,0

Hversu oft ferð þú til kirkju til að vera við almenna guðsþjónustu?³²

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Aldrei	43,0
1 sinni á ári	15,9
2-3 sinnum á ári	17,4
4-11 sinnum á ári	13,8
Mánaðarlega eða oft	10,0

³² Almenn guðsþjónusta felur hér ekki í sér jóla, páska, fermingu eða annað slíkt.

Hversu góð eða slæm er upplifun þín af almennum guðspjónustum?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Mjög/frekar góð	72,4
Hvorki né	17,3
Mjög/frekar slæm	10,3

Ert þú sammála eða ósammála því að trú þín gefi þér svör við siðferðilegum vandamálum í daglega lífinu?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Mjög/frekar sammála	70,9
Hvorki né	8,5
Mjög/frekar ósammála	20,6

Ert þú sammála eða ósammála því að Þjóðkirkjan eigi að standa vörð um íslenska menningu og þjóðfélag?

<u>Svör</u>	<u>Hlutfall (%)</u>
Mjög/frekar sammála	69,4
Hvorki né	6,8
Mjög/frekar ósammála	23,9

Af þessum niðurstöðum könnunarinnar sem hér hefur verið getið má greina að meirihluti þjóðarinnar er velviljaður kirkjunni. Flestir eru kristinnar trúar og styðja kennslu í kristnum fræðum. Þó ætti að auka kennslu í öðrum trúarbrögðum, að mati svarenda. Það eina sem virðist veikja stöðu kirkjunnar, miðað við þessa könnun, er að flestir telja að aðskilja eða aðgreina eigi hana frá ríkinu. Hvað þar liggur að baki er ekki ljóst en augljós þörf er að mínu mati að kanna það frekar.

2.3 Kristnifræði- og trúarbragðafræðikennsla í Bretlandi, Þýskalandi og á Norðurlöndunum

Í flestum, ef ekki öllum, löndum hins vestræna heims fer reglulega fram umræða um kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu. Tímarnir hafa breyst frá því sem áður var og önnur trúarbrögð en kristni orðin æ meira áberandi í vestrænum samfélögum. Spurningar varðandi tengsl skóla og kirkju, einkum um kennslu í kristnum fræðum, hafa

hljómað hátt síðan menningarheimar fóru að mætast með þessum hætti og menn velta því fyrir sér hvort kristin fræði hafi forgang umfram önnur trúarbrögð. Hvaða markmiðum á kennsla í kristnum fræðum að þjóna í fjölmeningarsamfélögum nútímans? Hér verða tekin dæmi um kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu í Evrópulöndum sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við: Bretland (það er England og Wales), Þýskaland, Danmörk, Svíþjóð og Noregur.

Umræða um trúarbragðafræðikennslu á sér langa hefð í Bretlandi. Þar eru nú um 72% kristnir³³ en, líkt og hér á landi, eru menn síður en svo sammála um gagnsemi kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu. Skólar með trúarlegar áherslur eru 37,9% af skólum á yngra barnaskólastigi (e. primary schools) og 15,1% af skólum á eldra stigi (e. secondary schools).³⁴ Skólar ensku biskupakirkjunnar, kaþólskir skólar, breskir almenningsskólar og skólar gyðinga eru styrktir af ríkinu en trúarbragðafræði hefur verið skyldugrein í öllum skólum frá árinu 1944. Árið 1988 var sett námskrá fyrir allt landið og hver skóli þarf að fylgja henni en auk þess eru staðbundnar námskrár sem samdar eru af menntayfirvöldum viðkomandi staðar, með leiðsögn nefndar sem samsett er af meðlimum ólíkra trúarhópa, kennurum og ráðgjöfum.³⁵

Í skólanámskrá sem tekin var af handahófi af netinu³⁶, kemur fram að markmið kennslunnar eru keimlík því sem íslenska menntamálaráðuneytið hefur sett fram. Þar er þess getið að kennarar skulu virða ólíkan trúarbragðafræði- og menningarlegan bakgrunn nemenda og fræðslan eigi að vera almenn. Nemendur skulu til dæmis:

- geta sett trúarbragðafræðinámið í stærra samhengi við víðtæka þekkingu og hæfileika;
- öðlast siðferðilegan, félagslegan og siðfræðilegan þroska;
- geta unnið saman í hóp og sjálfstætt;
- öðlast getu til að skilja viðhorf trúarbragða gagnvart einstaklingi, samfélagi og umhverfi;
- læra að bera virðingu fyrir ólíkri menningu og trú;
- geta tekið upplýstar ákvarðanir og rökstutt þær á skynsaman hátt.

³³ Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 217.

³⁴ Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 218. Yngra stigið er 5-11 ára og eldra stigið 11-16 eða 18 ára.

³⁵ http://en.wikipedia.org/wiki/Religious_education

³⁶ <http://www.fordprimaryschool.co.uk/policies/curriculum/Religious%20Education.doc>

Enn fremur ber kennurum í trúarbragðafræðum að fara eftir leiðarvísi við kennsluna og uppfærða nemendur um trúarbrögð með tengingu við samfélagið, menninguna og nútímann. Þeim ber og að uppfærða um góðar og slæmar afleiðingar trúarbragða. Nemendur skulu læra „um trú“ og „af trú“; verða upplýstir þegnar fjölhyggju- og fjölmenningsamfélags og geta borið virðingu fyrir skoðunum og trú annarra.³⁷ Megináhersla er lögð á kristnifræði en þeir foreldrar sem ekki aðhyllast kristna trú eða menningu, geta fengið undanþágu fyrir börn sín frá viðvist í kennslustundum í trúarbragðafræði án þess þó að þurfa að tilgreina ástæður fyrir undanþágunni.

Í Þýskalandi eru mótmælendur um þriðjungur þjóðarinnar og kaþólskir einnig. Múslimur eru 4% en þeir sem aðhyllast aðra trú eða enga eru rúm 28%.³⁸ Trúarbragðafræði er hefðbundin grein í þýskum skyldunámsskólum og í umsjá ríkisins en þýska ríkið er veraldlegt og hlutlaust um trú og lífsskoðanir. Trúfrelsi ríkir því í landinu og eru ríki og kirkja aðskilin. Samvinna er þó á milli þeirra á sumum sviðum og er til að mynda trúarbragðafræðsla í skólum dæmi um slíka samvinnu.

Hvert hinna 16 ríkja (þ. Länder) Þýskalands ber ábyrgð á menntun þegna sinna og þarf ekki að lúta neinni forskrift. Ríkin vinna þó saman á þessu sviði og því er til námskrá fyrir landið allt, til að auðvelda samvinnuna. Í flestum ríkjum er trúarbragðafræði kennd sem rómversk kaþólska eða lúthersk kristnifræði og grunnlögin (e. Basic Law) takmarka trúarbragðafræði ekki við eina kirkjudeild. Í þremur ríkjum, Bavaríu, Neðra-Saxlandi og Norður-Rín-Westphalia er rétttrúnaðarkirkjan hin hefðbundni grundvöllur trúarbragðafræðinnar, svo dæmi sé tekið, fyrir þá nemendur sem henni tilheyra.

Í þýska skólakerfinu mega nemendur 14 ára og eldri ráða um hvaða trúarbrögð þeir læra og hvort þeir læra um trúarbrögð yfirleitt.³⁹ Foreldrar yngri barna taka þá ákvörðun fyrir þau. Þetta kerfi hefur verið við lýði í flestum ríkjum Þýskalands, allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar og er haft í nafni trúfrelsis. Um 5% nemenda fá slíka undanþágu. Fyrir þá sem kjósa að sleppa þessum hluta námsins, er heimspeki eða siðfræði í boði í staðinn. Kristni er eins og áður sagði ríkjandi í trúarbragðafræðikennslu flestra hinna þýsku ríkja, líkt og í öðrum Evrópulöndum, en kennsla fer einnig fram í öðrum trúarbrögðum. Námskrár fyrir trúarbragðafræði eru samdar af

³⁷ Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 220.

³⁸ Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 81.

³⁹ <http://www.religiousfreedom.com/conference/Germany/jensen.htm>. Þess ber að geta að ástandið er ekki eins í öllum ríkjum. Sum ríki, til að mynda Bremen, Berlín og Brandenburg, hafa innleitt eigin markmið í trúarbragðafræðum og hafa eigin aðferðir við kennsluna.

menntamálayfirvöldum í hverju ríki. Þær þurfa einnig að vera samþykktar af svæðisbundnum trúarsamfélögum sem deila ábyrgð á menntuninni. Bækur þurfa og að vera samþykktar af ríki og kirkjufirvöldum.

Kennarar eru í sumum tilfellum prestar eða kennarar tilnefndir af kirkjunni og í ssamvinnu við ríkið. Ríkið styrkir sérstaka trúarbragðaskóla (skóla sem reknir eru af trúfélögum) en þeir þurfa þó að lúta sömu námskrá og ríkisskólarnir.

Umræða hefur verið um það undanfarið í Þýskalandi hvort setja eigi kennslu í íslam inn í ríkisskólana vegna sístækkandi hóps múslimskra innflytjenda, en múslimskir nemendur eru um hálf milljón í landinu. Rökin eru þau að betra sé að börn innflytjenda læri um íslam í ríkisskólunum heldur en að þau sæki sérstakt nám í „kórönskum fræðum“, þar sem oft er um bókstafstrú að ræða og kennslan fari fram á móðurmálinu, oftast tyrknesku.⁴⁰ Í sumum ríkjum Þýskalands, til dæmis Neðra-Saxlandi, er nú þegar boðið upp á kennslu í íslam.

Einnig er nánari samstarf milli trúarhópa í trúarbragðafræðikennslu til umræðu, svo og samvinna milli trúarhópanna og siðfræði/heimspeki. Markmiðið er gagnkvæm viðurkenning á námskeiðum hvers annars og meira val fyrir nemendur, til að gera þeim kleift að lifa í sátt við fjölhyggjuna í samfélaginu.

Á öðrum Norðurlöndum en Íslandi er staðan ólík milli landa. Á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar var skólalöggjöf á Norðurlöndunum endurskoðuð með það að markmiði að skólinn gerði ekki upp á milli trúar- og lífsskoðana og væri þannig „fyrir alla“.⁴¹ Skólinn eigi að vera hlutlaus stofnun um trú og lífsskoðanir og kennarar eigi að vera fræðarar en ekki trúboðar. Síðan þá hefur umræðan aðeins vaxið og orðið líflegri. Ekki einungis er spurt um trúfræðilegan tilgang kennslunnar, heldur einnig um siðfræðileg og uppeldisleg markmið.

Í Danmörku er opinbert trúfrelsi en þar er þó ekki trúarlegt jafnræði. Þjóðkirkjan var aflögð með stjórnarskrá árið 1849 og kirkjan gerð að almennri kirkju, sem kölluð er Danska kirkjan (e. the Church of Denmark). Ríkið og kirkjan viðhalda þó náinni samvinnu og Danska kirkjan er styrkt af ríkinu.⁴²

Síðustu ár hefur danskt þjóðfélag þróast í átt að fjölhyggju og fjölmenningu en þó er meirihluti íbúa enn skráður í Dönsku kirkjuna. Fram til ársins 1975 höfðu grunnskólinn og Danska kirkjan sameiginlega ábyrgð á kristinni fræðslu og uppeldi.

⁴⁰ http://en.wikipedia.org/wiki/Religious_education

⁴¹ Sigurður Pálsson, „Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræðsla í skyldunámi“.

<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/samfelag/kristinfrædi/sagan.html>

⁴² Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 49.

Eftir 1975 var ábyrgðinni skipt þannig að skólinn hafði umsjón með þekkingar- og menningarfræðslu en kirkjan og foreldrnir sáu um trúarlega þáttinn. Samband kirkjunnar og skólans er samt sem áður enn náið. Til að mynda kveður markmiðsklausa grunnskólanna fyrir árin 1993-2006 á um að kynna skuli danska menningu og sögu fyrir nemendum [þar með talið kristindóminn]. Frá 2006 hefur markmiðsklausan breyst þannig að ekki er sérstaklega minnst á kristindóminn; hugtakið „menning“ er opnara en áður. Kristindómurinn er þrátt fyrir það frumþáttur í danskri menningu og sögu. Frá árinu 1849 hefur kristnifræði, sem hluti af danskri menningarsögu, haft undanþáguákvæði: Foreldrar sem ekki vilja að barn sitt sæki kennslu í þeim hluta sögunnar, geta sótt um undanþágu fyrir barnið frá viðvist og er sú undanþága nánast skilyrðislaus. Þó er þekking á kristni fag sem danska menntamálaráðuneytið hefur gert að skyldu og því er kristnifræðsla í þeim skilningi skyldugrein. Fyrir börn þeirra foreldra sem fá undanþágu frá faginu, er engin önnur sambærileg fræðsla í boði og þar sem fagið er talið mikilvægt fyrir menningarlegar sakir, eru færri sem nýta sér það nú en áður. Oftast eru það múslimar sem það gera.⁴³

Í Danmörku hefur kristnifræði verið kennd í grunnskólum en kennsla í öðrum trúarbrögðum hefst ekki fyrr en á eldri stigum. Þótt fjölmening sé ekki jafnaberandi í Danmörku og í til dæmis Bretlandi eru nemendur þó ekki allir af kristnum uppruna og í því ljósi má gagnrýna það hversu seint kennsla hefst í öðrum trúarbrögðum en kristni. Einkum hefur fjölskyldum sem aðhyllast íslam farið fjölgandi. Gagnrýni á þessa einsleitni í kennslu yngri barna hefur verið svarað með því að Danmörk sé kristið land; fræðin séu kristin fræði en ekki trúarbragðafræði; börn á þessum aldri geri sér ekki grein fyrir því að til séu fleiri en ein trúarbrögð og að þau þurfi örugga undirstöðu eigin trúar áður en unnt sé að kynna þau fyrir öðrum viðhorfum.⁴⁴ Þó er yfirleitt tekið tillit til barna af öðrum trúarbrögðum, til dæmis með tilliti til mataræðis. Ekki er þá boðið upp á svínakjöt þar sem múslimsk börn eru, svo dæmi sé tekið. Þrátt fyrir það er Danmörk enn fremur einsleitt land, trúarlega séð, og stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið í þá átt.

Framtíðarsamstarf milli skóla og kirkju er í deiglunni í Danmörku. Aukin samvinna er fyrirséð. Í dag er svo komið að foreldrar og kennarar upplifa eins konar menningarlegan missi, sem einkennist einkum af þekkingarskortri á kristindóminum. Aukins áhuga hefur því orðið vart í Danmörku á trúarbrögðum, einkum eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum árið 2001. Þrátt fyrir þetta er enn deilt um hluti eins og

⁴³ Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 51.

⁴⁴ http://www.rescogitans.sdu.dk/files/RRR_Jensen.pdf

nafn og innihald fagsins „kristnifræði“. Breytinga á faginu er að vænta og er þeirra beðið með eftirvæntingu í danska skólakerfinu.⁴⁵

Í Svíþjóð er þjóðkirkjan lúthersk og henni tilheyra um 78% landsmanna. Trúarbragðafræði var áður hefðbundið fag í grunnskólum og áhersla lögð á að nemendur kynnu skil á menningarlegum og trúarlegum uppruna sínum. Trúarbragðafræðslunni var breytt árið 1919 þannig að ekki er lengur um lútherska fræðslu að ræða, heldur er hún óháð kirkjudeildum. Greinin er þó enn kristin en hefur ekki verið sjálfstætt fag síðan á sjöunda áratug 20. aldar, heldur er nú alveg hlutlaus og veraldleg og kennd sem hluti af samfélagsfræði. Undanþágureglan var í gildi í landinu en svo fáir nýttu sér hana að hún var afnumin árið 1997 án mikilla andmæla. Ríki og kirkja voru aðskilin formlega árið 2000, eftir 40 ára undirbúning.⁴⁶

Trúarbragðafræði er sem fyrr segir, kennd sem hlutlaust fag. Lykilorðin eru skilningur, umræður, ábyrgð og persónuþroski. Grunnskólinn leggur því áherslu á spurningar um lífið, siðfræði, skoðanir og hefðir. Trúarbragðafræðinni er ætlað að vera grundvöllur til að breikka og dýpka reynslu og hugsun nemenda, til að þjálfa getu þeirra fyrir vangaveltur um tilvistarlegar, trúarlegar og siðfræðilegar spurningar og til að þjálfa þá sem ábyrga borgara. Einkaskólar lúta sömu námskrá og almennir skólar en lífið í skólanum getur og má vera trúarlegur.

Ný ríkisstjórn tók við völdum árið 2006 og áformar hún róttækar breytingar á sænska skólakerfinu. Ekki er enn vitað hvaða áhrif það mun hafa á trúarbragðafræðslu í landinu en þau verða að öllum líkindum einhver.

Í Noregi tilheyra um 86% landsmanna hinni evangelísku lúthersku kirkju.⁴⁷ Fram til áttunda áratugar síðustu aldar var landið fremur einsleitt trúarlegt samfélag en þá fóru innflytjendur að koma til landsins með tilheyrandi aukinni fjölbreytni í trúarlífi.

Noregur hefur fengið umtalsverða athygli í umræðunni um kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu, einkum vegna frumvarps menntamálaráðherra Íslands til laga um grunnskóla. Rétt er að gera stuttlega grein fyrir stöðu Noregs og kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu þar í landi undanfarin misseri. Ástæðan fyrir aukinni athygli á trúarbragðafræði í Noregi er dómur sem féll hjá Mannréttindadómstól Evrópu í Strasbourg (MDE) árið 2007 um svokallað undanþáguákvæði í kristnifræðikennslu norsku skyldunámsskólanna. Aðdragandinn var sá að Norðmenn höfðu um 15 árum

⁴⁵ Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 54.

⁴⁶ Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 195.

⁴⁷ Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 141.

áður gert breytingar á trúarbragðafræðslu og sameinað kristnifræðslu og lífsskoðanir (no. livsýnsundervisning) og var hið nýja fag kallað ”KRL-faget“ eða „kristnifræði, trúarbragðafræði og lífssýn/heimspeki“. Fagið er skyldugrein og fylgir námskrá sem samin er af ríkinu. Tekið er tillit til trúarsamfélaga við samningu námskrárinnar en þau hafa þó engin áhrif á bækur eða annað námsefni. Markmið KRL er bæði að staðfesta sjálfsmýnd nemenda í samræmi við þeirra eigin bakgrunn og að veita þekkingu og skilning á annarri menningu.⁴⁸

Lífsskoðanir höfðu verið valfag fyrir þá sem ekki vildu sækja kristnifræðikennslu og var þessi sameining á faginu við kristnifræði gerð til að allir fengju setið við sama borð og gætu hlotið sömu fræðslu, óháð trú eða lífsviðhorfum. Fræðslunni var ætlað að vera hlutlæg miðlun þekkingar og alls ekki í anda trúboðs. Vegna þess hve fagið var nú orðið hlutlægt, voru skilyrði til undanþágu frá því mjög þröng; skilyrðin fólust í að foreldrar, sem þóttu einhverjir þættir kennslunnar bera með sér trúarlegan blæ, þurftu að færa skrifleg rök fyrir undanþágunni. Foreldrunum, sem lögðu fram kærana til MDE, þóttu sem brotið væri á rétti þeirra til menntunar í samræmi við trú þeirra og samvisku, rétti til trúfrelsis, friðhelgi einkalífs og gegn banni við mismunun með því að meina börnum þeirra algerrar undanþágu frá KRL. Þeir fullyrtu enn fremur að kerfið væri lagað að hagsmunum meirihlutans, þ.e. kristinna, og legði þyngri byrðar á herðar minnihlutans, með því að kristnir foreldrar hefðu enga ástæðu til að sækja um undanþágu.⁴⁹

Niðurstaða dómsins, með níu atkvæðum gegn átta, var sú að með því að neita kærendum um algera undanþágu barna þeirra í KRL, væri brotið á rétti barnanna til menntunar í samræmi við trú þeirra og samvisku (ákvæði um rétt til menntunar í 2. gr. samningsviðauka nr. 1 í Mannréttindasáttmála Evrópu). Ástæðan fyrir þessari niðurstöðu helgaðist meðal annars af sérstöðu kristnifræðikennslunnar í ljósi markmiðsgreina norska grunnskólans, þar sem kristnifræðsla er álitin ólík í eðli sínu fræðslu um önnur trúarbrögð (sjá nánar í 4. kafla, einkum bls. 43). Í niðurstöðunum benti dómstóllinn á, að undanþáguákvæðið væri vandasamt í framkvæmd. Foreldrar þyrftu með því að vera upplýstir um hvern einasta þátt kennslustundanna, til að geta tilkynnt skólanum um undanþágu barna þeirra. Auk þess var sú skylda lögð á foreldra að gefa gildar ástæður fyrir undanþágubeiðnum, utan þeirra þátta sem augljóslega fælu í sér trúarlegar athafnir. Dómstóllinn taldi í því sambandi hættu á að foreldrum myndust

⁴⁸ Kuyk, Jensen, Lankshear, Löh Manna, Schreiner ritstj. 2007, bls. 143.

⁴⁹ Sigurður Pálsson, 2008, óbirt bréf til menntamálaráðherra.

þeir knúnir til að upplýsa um persónulega þætti trúar sinnar og samvisu. Enn fremur gátu nemendur fylgst með því sem fram fór í tímum, í stað þess að taka beinan þátt í til dæmis bænum, sálmasöng o.s.frv. Dómstóllinn taldi þessa aðgreiningu milli þátttöku og fræðslu bæði flókna í framkvæmd og líklega til að grafa undan skilvirkni undanþáguheimildarinnar frá kennslu að hluta.

Dómurinn taldi því kerfið, sem byggðist á undanþágu að hluta, geta lagt þungar byrðar á foreldra því þeir þyrftu að ganga í gegnum umsóknarferlið, auk þess að eiga á hættu óviðeigandi opinberun á einkalífi þeirra. Neitun um algera undanþágu í KRL væri því brot á rétti til menntunar í samræmi við eigin trú og samvisku.⁵⁰

Norsk stjórnvöld hafa tekið tillit til þessarar niðurstöðu og unnið að breytingum á markmiðsgrein grunnskólalaganna. Á þessu ári er ætlunin að leggja breytingatillögurnar fyrir þingið. Námskrá KRL og undanþáguákvæðið hafa nú gengist undir breytingar til að koma til móts við niðurstöður dómsins.

Rétt er að geta þess að markmiðsgrein norsku grunnskólalaganna kveður m.a. á um að skólinn skuli veita nemendum kristilegt og siðgæðislegt uppeldi (no. ei kristen og moralsk oppseding) en dómstóllinn gerði engar athugasemdir við það markmið laganna. Hann gefur þvert á móti til kynna að ef tiltekin trú skipi stóran sess í sögu og hefð lands þá standi ekkert í vegi fyrir því að byggja skólastarf á þeim gildum sem felast í trúnni.

Með hliðsjón af þessum dómi meðal annars, lagði íslenski menntamálaráðherrann fram áðurnefnt frumvarp. En eru aðstæður hér á landi þær sömu og í Noregi? Um það verður betur rætt í 3. kafla um trú og siðgæði.

2.4 Kristnifræði- og trúarbragðafræðikennsla á Íslandi

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskólanna frá árinu 1999 er námi í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð. Þar segir einnig:

Með vaxandi fjölda nýbúabarna frá ólíkum menningarsvæðum þarf skólinn að huga að því, í samvinnu við heimili þeirra, hvernig koma má til móts við óskir um að þau fái fræðslu um eigin trú og menningu. Þá er æskilegt að nýta þá möguleika sem blandaður nemendahópur gefur til að kynna nemendum ólíka trú og siði og stuðla þannig að auknum skilningi, virðingu og umburðarlyndi.

⁵⁰ Höskuldur Þór Þórhallsson 2008, bls. 23.

Miklar breytingar hafa orðið á kennslu þessara fræða í skyldunámsskólum á þessari öld. Framan af voru eingöngu kennd kristin fræði og var fræðslan skilgreind í lögum sem skírnarfræðsla kirkjunnar. Síðustu áratugi hefur greinin alfarið verið á ábyrgð skólayfirvalda og skilgreind af þeim.⁵¹

Í námskránni 2007 hefur orðalaginu verið breytt þannig að nú segir:

Með vaxandi fjölmenningu þarf skólinn að stuðla að auknum skilningi, gagnkvæmri virðingu og umburðalyndi gagnvart ólíkum trúarbrögðum. Með auknum fjölda barna frá ólíkum menningarsvæðum þarf skólinn að huga að því, í samvinnu við heimilin, hvernig koma má til móts við óskir þeirra og þörf til að fá fræðslu um eigin trú og menningu. Nýta má þá möguleika sem blandaður nemendahópur felur í sér til að kynna nemendum ólíka trú, siði og lífsviðhorf.⁵²

Tekið er fram í námskránni 2007 að áhersla sé lögð á fræðslu um kristna trú og þá sérstaklega evangelíska lútherska trúarhefð. Vegna víðtækra áhrifa Biblíunnar, trúarbók kristinna manna og gyðinga, á trú, siðgæði og menningu í heiminum sem og á íslenska tungu, er markmið námsins að efla þekkingu nemenda á henni. Önnur trúarbrögð, svo sem búddadómur, hindúasiður, íslam og gyðingdómur, eru mikilvæg vegna tengsla þeirra við landafræði og sögu heimsins. Svo segir: „Hlutur siðfræðinnar og trúarbragðafræðanna hefur aukist að mun á síðustu áruatugum.“⁵³

Frá því fræðslulögin voru sett 1974, hefur kristin fræðsla orðið hlutlægari en áður var. Skólanum er nú ætlað að fræða á hlutlausan hátt, án allrar boðunar, og kennaranum er ætlað að vera fræðari en ekki trúboði. Áherslan sem lögð er á kristna fræðslu umfram önnur trúarbrögð, helgast af menningu okkar og tengslum við sögu kristinnar trúar.

Siðfræðilegt hlutverk trúarbragðafræðslunnar er að efla gagnrýna hugsun nemenda og siðferðilega dómgreind. Þeir skulu þjálfast í að fást við siðferðileg álitamál og taka afstöðu á grundvelli þekkingar og skilnings. Þeir eiga enn fremur að geta gert sér grein fyrir réttindum sínum, skyldum og ábyrgð gagnvart öðrum og samfélaginu.

⁵¹ Aðalnámskrá grunnskóla. *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði* 1999, bls. 9.

⁵² Aðalnámskrá grunnskóla. *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði* 2007, bls. 6.

⁵³ Aðalnámskrá grunnskóla. *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði* 2007, bls. 6.

2.4.1 Trúaruppeldi og lífsleikni

Uppeldislegs hlutverks fræðslunnar er ekki getið í námskrá en Sigurður Pálsson, guðfræðingur og doktor í menntunarfræðum, hefur ritað um þann þátt fræðslunnar. Í bók sinni *Börn og trú* (2001) gerir hann meðal annars grein fyrir rannsóknum og kenningum Ronald Goldman um kennslu kristinna fræða.⁵⁴ Goldman lagði upp með spurningu: Hafa börn forsendur til að skilja trúarleg hugtök og túarlegar kenningar fyrr en á unglingsaldri? Niðurstöðurnar setti hann fram sem tillögur til endurbóta á kristinni fræðslu.

Goldman leggur áherslu á að trúarleg reynsla sé tengd tilfinningalífínu en telur þó hlutverk kennarans að taka tillit til vitsmunalegs þroska nemenda, enda sé hlutverk kennarans væri fyrst og fremst fólgið í vitsmunalegri miðlun þekkingar. Hann hafnar því að trúarhvöt sé meðfædd eða trúarþörf sem sérstöku sálfræðilegu sviði en telur trúna vera tilfinningar, athafnir og reynslu einstaklingsins. Í stuttu máli kemst Goldman að því að trúarleg hugsun falli inn í kenningar um þróunarferli vitsmunalífsins, sem Jean Piaget setti fram. Goldman flokkaði trúarlegt þroskaferli í þrjú stig:

- Forskeið trúarlegrar hugsunar (5-7/8 ára). Börn á þessu skeiði beina athyglinni mest að frásögum eða atriðum í þeim sem samsvarar persónulegri reynslu þeirra. Hugsun er hvatvís og órókrétt. Fráleitt er á þessum aldri að miða kristnifræðikennslu við fyrirframgerða áætlun; frekar ætti að leitast við að víkka sjóndeildarhring barnsins og auka við reynslu þess, sem síðar gæti orðið grundvöllur trúarlegs skilnings. Eiginlegt Biblíuefni ætti á þessum aldri að nota þegar hægt er að tengja það beint reynsluheimi barnanna. Áhrifaríkasta trúfræðslan á þessum aldri eru þau áhrif sem barnið verður fyrir í skilningsríku og umburðarlyndu umhverfi skóla eða kirkju.
- Skeið hlutbundinnar trúarlegrar hugsunar (7/8-13/14 ára). Hugsun er rökrétt en þó aðallega raunveruleikabundin og háð eigin reynslu. Trúarskilningurinn er bókstaflegur. Á aldrinum 7-9 ára er guðsmynd barnanna er enn manngerð og tengd foreldraímyndinni. Börnin hafa þörf fyrir að fá samhengi í fjölbreytilega reynslu sína. Trúarhugmyndir þeirra tengjast raunheiminum í auknu mæli og hér ætti að vera hægt að kenna þeim samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun. Hefðbundin Biblíukennsla er þó ekki enn möguleg hér, þótt hægt sé að fjalla um efni Biblíunnar í vaxandi mæli í tengslum við þemu sem rætt er um hverju sinni.

⁵⁴ Sigurður Pálsson 2001, bls. 77-89.

Á aldrinum 9-12/13 ára er hlutbundin hugsun ríkjandi. Guðsmyndin breytist úr foreldraímynd í ofurmenni og síðan í yfirnáttúrlega veru. Hér hefst oft leit barnsins að merkingu og tilgangi. Trúfræðslan ætti að miða að því að barnið læri að líta á daglegt líf og hið trúarlega sem eina heild. Jafnframt er mikilvægt að börnin læri að beita gagnrýninni hugsun á vettvangi trúarinnar. Gerist það ekki telur Goldman sjálfgefið að gagnrýnin finni sér farveg á vettvangi trúar og efa.

Hefðbudnar kennsluaðferðir virka vel á þessum aldri en þó ætti enn að leggja áherslu á uppötvanir, skapandi tjáningu og samræður.

- Skeið óhlutbundinnar túarlegrar hugsunar eða persónulegrar trúarlegrar hugsunar (13/14-17+ ára). Unglingurinn getur hugsað rökrétt og í samhengi, án tilvísunar til hins hlutbundna. Hann getur rökstutt og dregið ályktanir af eigin reynslu og þekkingu. Á 14. aldursárinu telur Goldman að unglingsurinn taki afstöðu til þess hvort hann vill vera kristinn eða ekki. Tilhneiging virðist vera hjá unglingsnum til neikvæðrar trúarafstöðu. Hér er því mikilvægt að fræða vel um það í hverju kristin trú er fólgin, þannig að unglingsurinn viti til hvers hann tekur afstöðu. Unglingurinn hefur þörf fyrir kærleika og öryggi hjá þeim sem hann treystir best. Á þessu aldurs skeiði vill Goldman kenna annaðhvort „þemu úr daglegu lífi“ (siðfræðileg mál og almenn mannleg vandamál) eða „Biblíuefni“ (sögulegt samhengi).

Ályktun Goldman var sú að það hefði engan tilgang, og væri beinlínis skaðlegt, að kenna börnun yngri en 10 ára Biblíusögur með hefðbundnum hætti. Kenna ætti svo ungum börnum þemu sem hefðu eingöngu trúarlega skírskotun.

Þrátt fyrir ýmsa gangrýni sem þessi rannsókn Goldman varð fyrir, telur Sigurður Pálsson að niðurstöður hans um að trúarleg hugsun fylgi sömu þroskalögmálum og önnur hugsun, standi í stórum dráttum óhöggud, að gefnum sömu forsendum. Samt sem áður hafi Goldman dregið of víðtækar ályktanir út frá einum þætti í miðlun kristinnar trúar, þ.e. hinum vitsmunalega. Niðurstöður og ályktanir Goldman höfðu þrátt fyrir allt þau áhrif, að fjölmargar nýjar rannsóknir voru gerðar og námsefni endurskoðað, auk þess sem lífleg umræða um kristna fræðslu í kirkju og skóla, eðli hennar og tilgang, fór af stað. Þrátt fyrir ýmsa annmarka sem einkennt kunna að hafa rannsóknina, verður þó ekki hjá því litið að hún hvatti til breytinga á efnisvali og kennsluháttum sem betur hæfa börnum og unglingsnum. Enn í dag er gott að hafa rannsóknina til viðmiðunar þegar námsefni í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum er valið og samið.

Uppeldislegt hlutverk trúarbragðafræðslu er fyrst og fremst undir fjölskyldunni komið, þótt kirkja og skóli taki að einhverju leyti þátt í því. Fjölskyldunni ber skylda til

að vernda barnið og móta það. Upphaf og þroski trúarlífs barna er því mjög háður uppeldisumhverfinu.

Um 90% barna á Íslandi eru skírð í kristnum trúfélögum. Í könnun sem gerð var árið 1990 um trúarlíf Íslendinga kom fram að um 20,3% sögðust reyna að hafa trúarleg áhrif á börn sín (þar af 3% sem reyndu að beina börnum sínum frá trú), 37,3% ræddu við börn sín um trúmál án þess að reyna að hafa áhrif á þau og 38,8% sögðust láta börnin um þessi mál sjálf. 13,9% töldu aðra betur færa um að fræða börnin um trúmál. Flestir nefndu móður sem helsta áhrifavaldinn í trúmálum, ívið fleiri af eldra fólki en yngri.⁵⁵ Í Gallup-könnuninni 2004, sem fjallað var um í kafla 2.2, var hlutfall þeirra sem nefndu móður 36,6% en hafði verið 50,7% árin 1986-87.⁵⁶ Hlutverk móður í trúarlegu uppeldi virðist því fara minnkandi og hlutverk aðila utan fjölskyldu vex mest.

Þegar barn er skírt, ber sú athöfn með sér skuldbindingu foreldranna um að þeir ali barnið upp í kristinni trú. Kirkjan er líka undir þessa skuldbindingu sett og hún hefur þannig tvíþættum skyldum að gegna: Hún skal styðja foreldranna í trúarlegu uppeldi barnanna með samfélagi og fræðslu og hún skal bjóða börnunum til trúarsamstarfs í kirkjunni þar sem fræðsla og iðkun trúarinnar fara saman. Í barnastarfi kirkjunnar er frásagan með upplifun, þátttöku og virkni mikilvæg, að mati Sigurðar Pálssonar.⁵⁷ Þetta er oft áhrifaríkari leið til fræðslu og innlifunar en vitsmunalegar útskýringar. Spyrja þarf hvaða guðsmynd Biblíusögur birti börnum og á hvaða aldurs skeiði. Tjáning í leik, söng og samræðum telur Sigurður nauðsynlegan þátt í trúarlegu uppeldi kirkjunnar og oft vanræktan. Hann varpar fram þeirri spurningu hvort þörf sé á nýrri guðfræði í kirkjunni, það er barnaguðfræði. Sú guðfræði væri sniðin að tilfinningalegum, vitsmunalegum og félagslegum þroska þeirra. Það væri guðfræði fyrir börn, um börn og frá börnum.⁵⁸

Hvað varðar skólann og hlutverk hans í trúaruppeldi, segir Sigurður að honum sé ætlað að miðla menningararfinum og stuðla að persónuþroska barnanna. Hinn trúarlegi þáttur menningarinnar sé því mótandi, sé honum sinnt í skólunum og sé gengið út frá því að allt uppeldisstarf sé viðhorfamótandi. Skólinn eigi þó ekki að vera framlenging á starfi kirkjunnar.

Lífsleikni er tiltölulega nýtt fag í grunnskólum landsins. Í aðalnámskrá 1999 er þess getið að lífleikni sé meðal annars ætlað að koma til móts við kröfur um auknið

⁵⁵ Sigurður Pálsson 2001, bls. 137 o.áfr.

⁵⁶ http://www.kirkjan.is/skjol/truarlif_islendinga_2004.pdf

⁵⁷ Sigurður Pálsson 2001, bls. 144.

⁵⁸ Sigurður Pálsson 2001, bls. 146.

uppeldishlutverk skólanna og að efla alhliða þroska nemandans.⁵⁹ Viðfangsefnin eru til dæmis sjálfsþekking, samskipti, sköpun, lífsstíll, samfélag, umhverfi, náttúra og menning. Í kaflanum „Nám og kennsla“ í námskránni um lífsleikni, segir:

Við útfærslu greinarinnar lífsleikni er mikilvægt að hafa í huga að aðrar námsgreinar grunnskóla fela í sér lífsleikni. Þær eiga að stuðla að alhliða þroska nemandans, gera hann meðvitaðan um sögu sína og auka skilning hans á veruleikanum. Með samþættingu viðfangsefna annarra greina við lífsleikni er mögulegt að gefa efninu meiri persónulega dýpt og merkingu en um leið auka margbreytni kjarnaviðfangsefna í lífsleikni. Markmið námsgreina eins og íþróttá - líkams- og heilsuræktar, kristinna fræða, trúarbragða og siðfræði, lista, náttúrufræði, samfélagsgreina, upplýsinga- og tæknimennta, stærðfræði, heimilisfræði og íslensku geta því hver með sínum hætti verið samþætt markmiðum lífsleikni. Eðlilegt er að slík útfærsla sé sett fram í lífsleikniáætlun skóla enda liður í stefnumótun hvers skóla að laga greinina að stefnu sinni og sérstöðu.⁶⁰

Megintilangur lífsleikni er að örva tilfinningagreind nemenda og gagnrýna hugsun. Segja má að kennslan feli í sér „listina að lifa“. Ákvarðanatataka, að leysa vandamál, skapandi hugsun, gagnrýnin hugsun, góð tjáskipti og samskipti, sjálfsvitund, samúð og tilfinningaleg úrvinnsla eru allt færnisþættir sem tengjast þekkingu, viðhorfum og gildum og jákvæðri hegðun sem byggt er á. Lífsleikni er því geta til að hegða sér á ákveðinn hátt í félagslegum og menningarlegum aðstæðum. Samkvæmt skilgreiningu á gagnrýninni hugsun er hún:

...hlutlæg greining á upplýsingum og reynslu. Hún vegur og metur forsendur skoðana, hugmynda og viðhorfa og leitar að traustum rökum. Hún hjálpar okkur að koma auga á og skilja ýmis öfl sem hafa áhrif á hugsun okkar og reynslu.⁶¹

Lífsleikni er þannig ætlað að bæta upp aðrar greinar með því að þjálfa félagslega hæfni og sálfræðilega getu til að skilja heiminn á raunhæfan hátt. Gagnrýnin hugsun er mikilvægt tæki til þess. Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt um kristnifræði- og

⁵⁹ Aðalnámskrá grunnskóla. Lífsleikni 1999, bls. 5-6.

⁶⁰ Aðalnámskrá grunnskóla. Lífsleikni 1999, bls. 9.

⁶¹ http://www.doktor.is/index.php?option=com_d-greinar&do=view_grein&id_grein=1838

trúarbragðafræðikennslu má segja að þetta nýtilkomna fag geti hjálfað nemendur til sjálfstæðrar hugsunar og til að nota reynslu sína og upplifun af trúarlegum þáttum, bæði á heimili, í skóla og í kirkju, þannig að trúarlegt nám nýtist þeim á sem bestan hátt.

3. kafli: Með- og mótrök fyrir kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu

Ótal ólík viðhorf eru ríkjandi til kennslu í kristni- og trúarbragðafræði. Umræðan er óneitanlega mikilvæg en spyrja má: Hvaða viðhorf vega þyngst? Hér verður gerð grein fyrir með- og mótrökum fyrir kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu í íslensku skyldunámi og reynt að svara þeim að einhverju leyti.

Gunnar J. Gunnarsson, lektor, ritar grein í Kirkjuritið árið 2006 og gerir stutta útekt á ólíkum viðhorfum til kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu. Samkvæmt grein Gunnars eru aðallega uppi þrens konar viðhorf gagnvart fræðslunni.⁶² Í fyrsta lagi eru það þeir sem telja að slík fræðsla eigi ekki heima í skóla sem ætlaður sé fyrir alla. Heimilin og kirkjan/trúfélögin eigi að annast þessa fræðslu. Kenni skólinn um trúarbrögð, sé trúfrelsi ógnað. Annað viðhorfið er að kenna eigi almenna trúarbragðafræði þar sem ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum séu gerð jöfn skil. Þessi hópur telur þekkingu á þessu sviði mikilvæga en allir eigi að fá jafna umfjöllun. Þriðja viðhorfið er svo að mesta áherslan sé lögð á kristin fræði en einnig sé fjallað um önnur trúarbrögð og lífsviðhorf. Þessi hópur telur eðlilegt að fjallað sé mest um þau trúarbrögð sem ríkjandi séu í samfélaginu og að þekking á kristni og Biblíunni sé forsenda skilnings á vestrænni menningu og samfélagi. Þekking á eigin trú sé enn fremur forsenda til skilnings á trú annarra og þannig leið til umburðarlyndis.

Ljóst er að samkvæmt aðalnámskrá grunnskólanna er lögð áhersla á síðasttalda viðhorfið og færð fyrir því ýmis rök.⁶³ Meðal annars er talað um þroskaþætti sem greininni sé einkum ætlað að efla, sérstaklega trúar-, siðgæðis- og félagsþroska, svo og mótun heilbrigðar sjálfsmyndar. Þess er getið að íslenska þjóðin sé að langmestu leyti kristin; um 90% eru í kristnum söfnuði, þar af um 80% í þjóðkirkjunni. Menningin eigi sér óaðskiljanlega samleið með kristinni trú, líkt og önnur vestræn menning. Enn fremur sé ljóst að uppeldishlutverk skólanna sé að aukast þótt meginábyrgðin sé foreldranna. Skólanum sé ætlað að miðla grundvallargildum sem þjóðfélagið sé byggt á og hér á

⁶² Gunnar J. Gunnarsson 2006, bls. 46.

⁶³ *Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði* 2007, bls. 5; Gunnar J. Gunnarsson 2006, bls. 47-48.

landi sé þessi gildi byggð á kristnum rótum. Fræðsla í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði miðli nemendum þekkingu á eigin rótum.

Mótrök gegn kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum eru af ýmsum og ólíkum toga. Gunnar nefnir tvenns konar rök sem séu að mörgu leyti haldgóð.⁶⁴ Önnur þeirra eru trúfrelsisrök: Talið er ómögulegt að kenna þessi fræði á hlutlausan hátt og þar með séu trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar brotin. Hin rökin eru samfélagsleg og ganga út á vaxandi fjölmenningu og fjölhyggju hér á landi; hér sé fjölgun fólks með aðrar trúar- og lífsskoðanir en kristnar og því þurfi að jafna út áhersluna í kennslunni á öll trúarbrögð.

Gunnar svarar þessum rökum og bendir meðal annars á að skólinn sé ekki trúboðsstofnun – á það er líka bent í aðalnámsskrá – og því þurfi kennslan ekki að stangast á við trúfrelsi. Það er kirkjunnar og trúfélaganna að sjá um trúboðið en ekki skólans. Á sama hátt er það ekki grunnskólans að vinna ákveðnum trúarskoðunum fylgi þótt fjallað sé um þær í kennslunni og þar af mest um kristna trú. Virðing fyrir rétti fólks til ólíkra skoðana er mikilvægari en jöfn kennsla í öllum trúarbrögðunum.

Eins og áður sagði, er andstaðan við kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu af ýmsum toga og af ólíkum rótum sprottin. Hér á landi virðist gagnrýnin einkum bundin við tvö félög, Siðmennt og Vantrú, en einnig má sjá oft á tíðum hörð skoðanaskipti um kennsluna í netheimum og fjölmiðlum.

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, var stofnað árið 1990. Á heimasíðu þess segir að félagið sé málsvari manngildisstefnu (húmanisma) og frjálstrar hugsunar, óháð trúarsetningum, og standi fyrir veraldlegum athöfnum.⁶⁵ Félagið hefur farið gegn aðalnámsskrá grunnskólanna og gagnrýnt ójafnrétti sem það telur felast í trúarbragða- og siðfræðikennslu skólanna. Siðmennt hefur lýst því yfir að félagið sé ekki á móti kristnifræðikennslu, heldur vilji jafna stöðu kristinnar trúar og annarra trúarbragða í kennslunni. Það telur áhersluna á kristna trú í kennslunni fela í sér trúaráróður. Helstu gagnrýnisatriði félagsins á aðalnámsskrá snúa að áherslunni sem lögð er á að þekkja kristna trú. „Miklum tíma er varið frá 1. til 10. bekkjar í að fara vel yfir flestar sögur biblíunnar, og gildir þar einu hvort þær hafa eitthvað siðferðislegt gildi eða ekki.“⁶⁶

⁶⁴ Gunnar J. Gunnarsson 2006, bls. 48.

⁶⁵ www.sidmennt.is

⁶⁶ Svanur Sigurbjörnsson, „Aðalnámsskrá mismunar lífsskoðunum“. www.sidmennt.is. Svanur situr í stjórn Siðmenntar, sem gjaldkeri, og því má ætla að skoðanir hans endurspegli viðhorf og stefnu félagsins.

Gagnrýnt er að ekki sé tekið tillit til þess að 19,1% Íslendinga kjósi að aðhyllast ekki nein trúarbrögð og til sjónarmiða þess fólks.⁶⁷ Enn fremur telur félagið óásættanlegt að hvergi skuli vera minnst á siðrænan húmanisma í aðalnámskrá og mikilvægi hans og vísindahyggju/skynsemisstefnu í framförum og umbótum.

Málgreinin um kristilegt siðgæði, sem á að móta starfshætti skólans samkvæmt markmiðsgrein grunnskólalaganna, er af Siðmennt álitid lýsa þröngsýni og vanþekkingu höfunda námskrárinnar á almennu siðferði.

Nútíma siðferði og mannréttindi eru runnin frá því besta sem, heimspeki, húmanismi, vísindi, rökhyggja og að nokkru hvað hin ýmsu trúarbrögð hafa kennt okkur, ekki eingöngu kristni. Í aðalnámsskrá er lagt til að setja skólanum öllum kristilegar siðareglur en það er langt út fyrir eðlilegan vettvang kristnifræðslu.⁶⁸

Ályktun Siðmenntar er sú að kaflar aðalnámsskrár lykti af trúboði sem ekki sé sæmandi nýju árfúsundi. Jafnrétti sé auk þess hundsáð í trúarbragðafræðslu grunnskólanna. Enn fremur segir að losa þurfi tak þjóðkirkjunnar á aðalnámsskrá því hún sé bara „...einn af þáttakendunum [sic] á vettvangi lífsskoðana og ætti ekki að fá að setja sjálfmiðað efni í grunnskólana.“⁶⁹ Rétt er að geta þess að kirkjan sleppti tókum á námskrá grunnskólanna að mestu leyti árið 1907 og svo endanlega 1926, eins og fram kom í 1. kafla, þótt hún hafi átt fulltrúa í námskrárnefndum (1973-1976) og gert að beiðni menntamálaráðuneytisins tillögu að námskrá 1999.

Vefsíðan og félagsskapurinn Vantrú hefur einnig gagnrýnt aðalnámsskrá vegna klausunnar um kristilegt siðgæði sem og þá mótsögn sem virðist felast í því að ætla að kenna um trú en komast um leið hjá því að boða hana. Meðlimur Vantrúar spyr í grein á heimasíðu félagsins hvernig hægt sé að fræða um trú án þess að boða trú.⁷⁰ Það að prestar skuli semja námsefnið sé óásættanleg aðkoma trúfélags að fræðslu sem eigi að vera hlutlaus. Presturinn hafi þá köllun að „gera allar þjóðir að lærisveinum“ og því ætti að tryggja hlutleysi kennslunnar með því að hafa trúarbragðafræðinga til að sinna kennslunni; þeir hafi ekki beina hagsmuni af því að boða ein trúarbrögð umfram önnur. Síðar segir í sömu grein:

⁶⁷ Samkvæmt „nýlegri könnun Gallup“, segir Svanur í sömu grein. Samkvæmt www.hagstofa.is var fjöldi fólks utan trúfélaga 2,8% þann 1. des. 2007.

⁶⁸ Svanur Sigurbjörnsson, „Aðalnámsskrá mismunar lífsskoðunum“. www.sidmennt.is

⁶⁹ Svanur Sigurbjörnsson, „Aðalnámsskrá mismunar lífsskoðunum“. www.sidmennt.is

⁷⁰ Vésteinn Valgarðsson, www.vantru.is/2007/01/31/08.30/

Út af fyrir sig er ekkert að því að prestar kenni börnum – en kristinfræði er kannski ekki heppileg námsgrein fyrir þá að kenna. Kristinn maður er settur í klemmu ef hann á að kenna börnum um trú sína án þess að reyna að vinna þau á hennar band í leiðinni,

og nefnir greinarhöfundur því til stuðnings orð biskups - „það að þegja um trú er innræting gegn trú“ auk hina svokölluðu Vinaleið þjóðkirkjunnar, sem sé trúboð. Í ljósi þeirrar skoðunar að um trúboð sé að ræða í grunnskólum landsins, telur Vantrú að fella ætti niður kristnifræðikennslu.

Rökstuðningur fyrir ásökunum um trúboð og innrætingu er gjarnan byggður á því að um mannréttindabrot sé að ræða. Brotið sé á rétti foreldra og barna sem ekki aðhyllist kristna trú, eða nokkra trú yfirhöfuð, og binda eigi slíkt trúboð við heimilin og kirkjuna. Fjölmennings- og fjölhyggjusamfélag eigi ekki að byggjast á kristnum gildum og skólakerfið ekki að innræta nemendum slík gildi. Eins og áður sagði, hefur þó ekki orðið vart mikilla andmæla við kristnifræðikennslu frá fólki frá öðrum menningarsvæðum eða foreldrum barna af annarri trú en kristni, heldur er fyrst og fremst um að ræða fólk sem skilgreinir sig sem trúlaust eða guðlaust. Til að svara því hvort um mannréttindabrot sé að ræða, má til dæmis benda á það að hægt er að fá undanþágu frá þáttum í kristnifræðikennslu og ætti það ekki að vera vandkvæðum bundið. Auk þess má nefna að hættan á innrætingu er ekki bundin við kristin fræði því kennarar gætu misnotað aðstöðu sína á öðrum vettvangi, til að mynda við siðferðileg álitamál, sagnfræðistefnur og stjórnsmál.⁷¹

Í aðalnámskrá grunnskólanna er þess getið að skólinn sé fræðslustofnun en ekki trúboðsstofnun og sé ætlað að miðla þekkingu og auka skilning á kristinni trú og öðrum trúarbrögðum.⁷² Andstæðingar kristnifræðikennslu telja kennsluna vera trúboð, einkum vegna þess að hluti fræðslunnar felst í vettvangsferðum sem og heimsóknum fulltrúa kristinna trúfélaga. En hver er munurinn á fræðslu á trúboði? Með öðrum orðum: Er hægt að kenna kristinfræði og vísa til kristindómsins án þess að boða hann; með því að standa utan við hann?

Markmið grunnskólans í lögum er byggt á kennslufræði og aðferðafræði. Kennslufræðin felur í sér markmið og innihald kennslunnar en aðferðafræðin, sem er

⁷¹ Bjarni Randver Sigurvinsson, „Kristin fræði og trúarbragðafræði“. <http://tru.is/pistlar>

⁷² Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 2007, bls. 6. Áhersla er mín.

sjálfstæð grein, fæst við að útfæra kennslufræðina á nákvæman hátt.⁷³ Kristindómurinn fæst við manninn í heild og tilveru hans og í þeim skilningi er kristnifræðikennslan ekki fag sem takmarkast við einn þátt mannlífsins, þann trúarlega. Kennslan fæst við allt mannlífið í heild, rétt eins og kristindómurinn sjálfur. Sú kennsluáðferð að sýna börnum kirkjustarfið og fá fulltrúa trúarhópa í heimsókn, er umdeilanleg aðferðafræði sem fer fyrir brjóstið á þeim sem ekki aðhyllast kristni eða önnur trúarbrögð. En markmið og innihald kristnifræðikennslunnar er samkvæmt því sem fræðsluyfirvöld setja skólum. Aðferðafræðinni er ætlað að miða að fræðslu og miðlun þekkingar. Mislíki foreldrum sú aðferð sem beitt er við fræðsluna, er þeim í lófa lagið að fá undanþágu fyrir börn sín frá þeim þáttum sem misbjóða þeim.

Í bók sinni *Folkeskolens kristendomsundervisning. Begrundelse og opgave* (1974) gerir Søren Lodberg Hvas grein fyrir ólíkum viðhorfum til kristnifræðikennslu hvað varðar fræðslu og boðun. Hann telur sjálfur að samræða milli texta og túlkanda sé mikilvæg í kennslu. Túlkunarfræðileg kennsla eigi að laða fram skilning og slík samræða er vegurinn til skilnings, að hans mati. Verkefni kennarans sé að opna leiðina til skilnings. Hann geti því ekki staðið utan við túlkunarhringinn og takmarkað kennslu sína með tilvísun einni. Með því móti sé skilningurinn ekki til staðar því það sé ekki unnt að finna leiðina að honum. Hvas líkir þessu við fasteignasala sem sýnir aldrei inn í húsið sem hann er að selja, heldur aðeins utan á og lýsir því svo að innan. Nemandinn þurfi því hjálp kennarans til að opna dyrnar að skilningnum – fá að sjá inn í húsið. Það sé ekki nóg að standa utan við kristindóminn og benda á hann með tilvísunum.⁷⁴

Hvas getur viðhorfa nokkurra fræðimanna til trúaruppeldis og þar á meðal er uppeldisfræðingurinn Rudolf Lennert.⁷⁵ Í rökræðum Lennert við guðfræðinginn Hans Stock um kristnifræðikennslu, telur Lennert að forðast beri orðið „boðun“ í tengslum við kristnifræðikennslu. Boðun sé það sem eigi að gerast í raunveruleikanum, í hinu daglega lífi, en ekki í skólanum. Hann rökstyður það með því að kennsla snúist í raun um trú feðranna; verkefni kristnifræðslunnar eigi að fjalla um trúarhefð forfeðra okkar en ekki að fjalla um mína trú eða þína trú.⁷⁶

Samtal milli texta og túlkanda, hvort sem er í kristnifræði eða öðrum trúarbragðafræðum, og vísanir til Biblíunnar eða sögunnar, eru tvær ólíkar leiðir í átt að sama markmiði: Að fræða. Í íslenskum grunnskólum eru báðar aðferðir notaðar og sú

⁷³ Søren Lodberg Hvas 1974, bls. 25.

⁷⁴ Søren Lodberg Hvas 1974, bls. 86-87.

⁷⁵ Søren Lodberg Hvas 1974, bls. 89 o.áfr.

⁷⁶ Søren Lodberg Hvas 1974, bls. 97.

hefð að heimsækja kirkjur og að fá heimsóknir frá fulltrúum trúfélaga, er dæmi um gagnvirka fræðslu og tengsl við sögu og samtíð. Lestur á Biblíunni er hvort tveggja í senn, þekkingaröflun á sögunni og leit að tenglum við daglegt líf og menningu nútímans. Skapi kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslan forsendur fyrir boðun, á sú boðun sér í það minnsta ekki stað í íslenskum skólum. Frekar má sjá boðuninni bregða fyrir í fermingarfræðslu kirkjunnar. Hún á sér því stað í trúfélögunum sjálfum og, ef til vill, á heimilum. En eins og fyrr segir: Hafi foreldrar þá tilfinningu og upplifun að kennslan sé á einhvern hátt trúboð, er undanþága úrræði sem þeir eiga rétt á.

Undanþáguákvæði eru lögbundin á Norðurlöndunum í einhverri mynd, þar með talið hér á landi, en í umræðu um slík ákvæði hafa komið fram sjónarmið sem snúa að rétti foreldra til að ala upp börn sín samkvæmt eigin vilja og, á móti, um rétt samfélagsins til að mennta börnin. Í ljósi þess að áhersla er á umburðarlyndi og víðsýni í kennslu þessara landa, má spyrja hvort það lærist best með því að sum börn læri um trúarbrögðin en önnur ekki; hvort ekki sé vænlegra að öll börn læri um eigin trú og annarra. Þess má geta að á flestum Norðurlöndunum (að Finnlandi undanskildu) eru kristin fræði skilgreind sem hluti af almennri menntun án tengsla við trúfélög.⁷⁷

Í grein sem norski guðfræðingurinn Geir Afdal skrifar árið 2007, nefnir hann að trú hafi breyst í Noregi með tilkomu fjölhyggju: Fleiri trúarbrögð eru áberandi en trúin verður um leið meira einkamál manna. Þessarar breytinga gætir í raun á flestum Vesturlöndunum og síðustu ár hefur þeirra orðið æ meira vart á Íslandi. Hvort sem það er kostur eða galli fyrir kirkjuna, hlýtur það að hafa áhrif á kennslu í trúarbragðafræðum. Afdal segir þessa „einkatrú“ vera rök þeirra sem tali gegn trúarbragðafræðikennslu í skólum, því færslan úr því að trú sé opinber og yfir í að vera einkatrú, valdi því að færri fari í kirkju eða séu trúarlega virkir á annan hátt (þótt meirihluti fólks trúir á Guð þrátt fyrir það). Trú heyri því nú til „friðar einkalífsins“ og sé ekki viðfangsefni skólans.⁷⁸

Önnur rök gegn trúarbragðafræðikennslu eru að mati Afdal þau, að undanfarin hundrað ár eða svo, hafi þjóðfélagið veraldarvæðst og sé ekki lengur undir hæl kirkju og kristindóms. Enn fremur sé Noregur ekki lengur trúarlega einsleit þjóð, heldur gera trúarlegur fjölbreytileiki og hlutleysi kröfur um að Biblían sé ekki lengur hinn eini sannleikur. Skólinn eigi því að vera hlutlaus í trúarlegum málum.

⁷⁷ Sigurður Pálsson, „Trúarbragðafræðsla“. <http://tru.is/pistlar>

⁷⁸ Geir Afdal 2007, bls. 64.

Þrátt fyrir þessi rök gegn kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu, telur Afdal að einnig séu gild rök með slíkri kennslu. Í fyrsta lagi hjálpi trúarbragðafræðikennsla einstaklingum að finna tilgang og samhengi með lífinu og alheimi. Manneskjan hafi eitt dýra hæfileika til að leita út fyrir sjálfa sig og trúin – og trúarbrögðin sem kerfi hugmyndafræði, lífssýnar og hefða – veiti oft fullnægjandi svör. Í þessari leit mannsins að tilgangi eigi skólinn að veita trúarbrögðunum svigrúm, því þau séu í raun grundvöllur sjálfsskilnings mannsins. Einnig sé trúarbragðafræðikennsla mótandi fyrir sameiginlega sjálfsmynd samfélags. Tungumálið og sagan séu geymd í menningunni. Í gegnum kennslu trúarbragða- og lífsskoðana skilji fólk tunguna og menninguna betur og þar með sjálft sig sem samfélagsveru. Enn fremur sé trúarbragðafræðikennsla góður undirbúningur fyrir fjölmeninguna sem vestræn þjóðfélög einkennist nú af. Einingin sem áður ríkti sé ekki lengur til staðar. Kennslan geti kennt nemendum að umgangast og eiga samræður við aðra menningarhópa af umburðarlyndi og skilningi.

Afdal dregur þá ályktun af þessum mót- og meðrökum að sameiginlegt sé með þeim að skilningur á því hvort trúarbragðafræðikennsla eigi rétt á sér, velti á því hvaða þýðingu trúarbrögð hafi í samfélagi og fyrir einstaklinga. Trúarbrögðin eru vissulega orðin meira einkamál og ekki jafnsameinandi og þau voru en um leið eru þau líka órjúfanlegur hluti samfélagsmyndarinnar og kjarninn í tilvist manna. Þau munu alltaf hafa þýðingu fyrir hinn leitandi mann. Samfélagslega eru trúarbrögðin sífellt að breytast og í dag eru þau orðin margbreytileg fjölhyggja. Þrátt fyrir veraldarvæðingu og einkatrú, er þýðing trúarbragðanna þrátt fyrir það engu minni en áður.

Fjölhyggja og fjölmening eru ekki nægjanleg rök fyrir því að afnema trúarbragðafræðikennslu, segir Afdal.⁷⁹ Kennslan geti aðlagast margbreytileikanum. Spurningin sé hvort ein trúarbrögð (kristindómurinn) geti gefið grundvallarmenntun fyrir sameiginlega sjálfsmynd í fjölbreyttu samfélagi. Trúarbrögðin eiga rétt á sér í kennslu því þau leggja til það sem sameiginlegt er og tengja saman nemendur af ólíkum trúarlegum og menningarlegum uppruna. Meginþráðurinn í þessu sameiginlega trúarlega mynstri er kristindómurinn en aðrir þræðir eru einnig mikivægir. Trúarbrögðin eru því mikilvægari nú en nokkru sinni fyrr fyrir skólana.

Í grein sem Hanna Ragnarsdóttir, lektor í Kennaraháskóla Íslands, skrifaði á vefsíðu þjóðkirkjunnar, kemur fram að þættir eða áherslur í ákveðnum leik- og grunnskólum hafi stuðlað að félagslegri velgengni og vellíðan barna af öðrum

⁷⁹ Geir Afdal 2007, bls. 67.

menningar- og trúaruppruna.⁸⁰ Greinin var skrifuð í tengslum við rannsókn sem fór fram á árunum 2002-2004, þar sem tekin voru meðal annars viðtöl við foreldra sex leikskólabarna og þrettán grunnskólabarna af erlendum uppruna. Þeir þættir sem taldir voru stuðla að velgengni og vellíðan fólu meðal annars í sér að virðing var borin fyrir trúarbrögðum þeirra og menningu; gott samstarf var við heimili og komið til móts við óskir foreldra; foreldrar voru hvattir til að taka þátt í félagsstarfi og samstarfi við skólana og kennarar höfðu jákvæða afstöðu gagnvart börnunum og foreldrum þeirra. Auk þess kemur fram í greininni að einn hópur foreldranna taldi trúarlega afstöðu sína falla vel að íslensku samfélagi og trúarbragðafræðslu í skólum og taldi ekki þörf á að breyta miklu í fjölskyldulífi sínu til þess að aðlagast. Annar hópur var ákveðinn í að halda í sínar eigin trúarhefðir en taldi það þó ekki vandamál að skólinn byggði á kristnum gildum. Þessi hópur taldi það jafnframt ekki erfitt að aðlagast íslensku samfélagi, þótt þar væri þjóðkirkja. Tvennir af nítján foreldrum höfðu áhyggjur af því að trúarbragðafræðsla í íslenskum skólum hentaði börnum þeirra illa.

Fram kemur að skólarnir þurfi að leggja sig fram um og taka frumkvæði að samstarfi við fjölskyldur af erlendum uppruna. Kennarar og skólar þurfi að teygja sig út til heimilanna og óska samstarfs um leið og foreldrarnir þurfi að vita til hvers sé ætlast af þeim. Á þennan hátt sé unnt að finna samhljóm heimila og skóla og fjölskyldan fái tækifæri til að taka virkan þátt í skólastarfinu.

Hanna nefnir ágæta aðferð til að koma til móts við fjölskyldur sem aðhyllast ólík trúarbrögð, þannig að öll börn njóti góðs af. Í aðferðinni felist að móta þurfi skólastarfið með tilliti til óska allra foreldra, þannig að það uppfylli trúarlegar þarfir og endurspegli menningu allra fjölskyldna. Þetta megi gera með því að afla upplýsinga um þarfir og væntingar fjölskyldna. Það þurfi að gefa foreldrum valkosti í skólastarfi og bjóða þeim þátttöku og virkni.

Hanna bendir á að þótt mörkin milli trúfræðslu og trúboðs séu oft á tíðum óljós, megi líta á trúfræðslu í skólum sem eðlilegt framhald fræðslu um ólíka menningarheima. Og þar sem menning og trúarbrögð séu samtvinnuð þyrfti fræðsla um trúarbrögð að tengjast fræðslu um ólíka menningarheima.

Með því að fræða um hin ýmsu trúarbrögð á vandaðan hátt ætti að vera hægt að byggja brýr milli trúarbragða, stuðla að virðingu og skilningi. Þá er mikilvægt að

⁸⁰ Hanna Ragnarsdóttir, „Trúarlegar þarfir í skólum.“
http://www.kirkjan.is/?trumal/menning/a_sama_bati/truarlegar_tharfir_i_skolum

gefa ekki eingöngu yfirlitsmynd, heldur sýna dæmi um hversu fjölbreytt trúariðkun getur verið og hversu ólík merking og gildi trúarbragða er fyrir einstaklinga. Í þessu samhengi mætti nýta þá auðlind sem býr í hverri fjölskyldu í formi þekkingar og reynslu.⁸¹

Einnig megi leggja áherslu á sameiginlega eiginleika trúarbragða, svo sem einingu, kærleik og traust og tengja þá friði, mannréttindum og lýðræði. Lífsleikni og tilfinningagreind eru enn fremur áhersluþættir sem megi taka mið af. Hanna telur að það fari eftir aldri grunnskólabarna hvaða leið sé best í menntun þeirra en að almennt megi auka val um trúarbragðafræðslu og laga hana að mismunandi skólastigum og þroska barnanna eða vinna í auknu mæli með það sem er sameiginlegt með helstu trúarbrögðum heims. Nýting á reynslu heimila og þekkingu sem og samstarf við foreldra sé hentug leið til að byggja brýr milli heimilanna og skóla.

Að lokum bendir Hanna á að öll fræðsla, sé vel að henni staðið, ætti að víkka sjóndeildarhring barnanna, víðsýni þeirra og auka virðingu og skilning. Hún varar við of einsleitri kennslu með of mikilli áherslu á trúarbrögð meirihlutans og segir mikilvægt að um gagnkvæma fræðslu sé að ræða; börn í þjóðkirkjunni eigi að fræðast um trú annarra barna, á sama hátt og börn innflytjenda fræðist um trú barna í þjóðkirkjunni. Hún telur áhyggjur af stöðu þjóðkirkjunnar og þar með íslenskrri menningu, sé fræðslan fjölbreytt, vega minna en áhyggjur af menningu og trúarbrögðum vissra hópa barna, sem kunni að vera ósýnilegar í skólunum með of mikilli áherslu á eina trú. Slík þróun gæti leitt til einangrunar trúarhópa og fordóma.

Þá má segja að forsjárhyggja í trúarbrögðum stingi í stúf við líf í lýðræðissamfélagi, þar sem trúfrelsi á að ríkja samkvæmt lögum. Ef hin ýmsu trúarbrögð eru hins vegar gerð sýnilegri, sem eðlilegur hluti mannlífsins og þekkingu um þau miðlað til barna á vandaðan hátt, er mun líklegra að samtal hinna ýmsu trúarhópa aukist með komandi kynslóðum.⁸²

⁸¹ Hanna Ragnarsdóttir, „Trúarlegar þarfir í skólum.“

http://www.kirkjan.is/?trumal/menning/a_sama_bati/truarlegar_tharfir_i_skolum

⁸² http://www.kirkjan.is/?trumal/menning/a_sama_bati/truarlegar_tharfir_i_skolum

4. kafli: Kristilegt siðgæði og siðfræði

Í þessum kafla verður fjallað um kristilegt siðgæði og tengsl þess við íslenskt skólastarf, kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu út frá siðfræðilegu sjónarhorni og rýnt í gagnrýnina sem fram hefur komið á kennsluna með tilliti til þessara þátta. Fjallað verður og um hlutverk skólans í siðgæðislegu uppeldi.

Frumvarp menntamálaráðherra um breytingu á markmiðsgrein grunnskólalaganna úr „kristilegt siðgæði“ í „umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi“, hefur vakið upp umræðu um stöðu og þátt trúarinnar í skólastarfi og mótun þess. Frumvarpið hefur meðal annars leitt til þess að spurt er: Hvað er kristilegt siðgæði og hvaða áhrif hefur það á kennsluhætti?

Skilgreina má „kristilegt siðgæði“ sem almennt siðferði, óháð trú, en andstæðingar hugtaksins setja sig einmitt upp á móti því að það sé kennt við trú. Þeir eru andsnúnir því að talað sé um Nýja testamentið sem grundvöll siðferðis, meðal annars vegna þess að í því sé engin heildstæð kenning.⁸³ Þar af leiðandi má segja að frumvarp menntamálaráðherra komi til móts við þessi viðhorf og gefi klausunni um starfshætti skólans „almennari“ blæ.

Ein af ástæðum þess að klausunni skal breytt er sögð vera áður nefndur dómur MNE (sjá kafla 2.3) gegn Noregi og að heimfæra megja aðstæður þar upp á Ísland. Í umræðu á Alþingi í lok árs 2007 um stöðu þjóðkirkju, kristni og kristnifræðslu sagði Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra:

Evrópusambandið hefur ekki komið neitt að þessum málum [sambandi ríkis og kirkju]. Evrópusambandið treysti sér að vísu ekki til að hafa í stjórnarskrá sinni tilvísun til kristindóms og kristinnar kirkju, en Mannréttindadómstóll Evrópu sem starfar á vegum Evrópuráðsins í Strassborg komst að því, ef ég skil hæst. menntamálaráðherra rétt, í máli sem var höfðað í Noregi, þ.e. gegn Norðmönnum, að einhver tilvísun í lögum þar stæðist ekki mannréttinasáttmála Evrópu. Hvort það er þetta orðalag sem hefur verið hér í grunnskólalögum veit ég ekki, en þetta er atriði sem verður að líta til þegar við semjum lög eins og þessi. Við verðum að líta til þeirra laga sem gilda hér, m.a. um mannréttindi, þegar ákvæði eru sett hér í grunnskólalög.⁸⁴

⁸³ Sjá til dæmis www.vantru.is/2008/01/08/08.00

⁸⁴ <http://www.althingi.is/raeda/135/rad20071212T160134.html>

Er kristilegt siðgæði mannréttindabrot? Er það frábrugðið öðru siðgæði? Ætla má að villandi sé að halda því fram að kristilegt siðgæði sé það að velja af handahófi orð úr Biblíunni, til dæmis „að rétta hinn vangann“, án samhengis við aðstæður þær og umhverfi sem textinn er skrifaður í, líkt og stundum hefur verið gert. Slíkar fullyrðingar eru gjarnan þeirra sem gagnrýna klausu námskrárinnar á forsendum trúboðs og mannréttindabrot.⁸⁵ Sé dómurinn gegn Noregi rót frumvarpsins, er rétt að huga að því hvort um raunverulegt mannréttindabrot og/eða trúboð sé að ræða.

Eins og fram kom í kafla 2.3, kvað dómur MDE upp úrskurð um að með því að neita kærendum um algera undanþágu frá kennslu fyrir börn sín í KRL, hefði verið brotið gegn réttinum til menntunar í samræmi við eigin trú og samvisku. Túlkun dómsins hefur orðið tilefni frumvarpsins og menntamálaráðherra hefur auk þess tilgreint í athugasemdum við frumvarpið að ekki þyki rétt að tilgreina kristilegt siðgæði „...í ljósi breytinga á samfélaginu á undanförunum árum. Þessi breyting er í samræmi við ábendingar frá ýmsum aðilum.“⁸⁶

Forsendur dómsins voru meðal annars þær að markmiðsgreinar norska grunnskólans (sem kváðu á um kristilegt og siðgæðislegt uppeldi) og lagaákvæði um námsgreinina gáfu til kynna að kristnifræðsla væri í eðli sínu ólík fræðslu um önnur trúarbrögð. Þar af leiðandi væru skilyrðin til undanþágu of þröng með tilliti til mannréttinda. Með hliðsjón af norski sögu og menningu, gerði dómurinn hins vegar ekki athugasemd við það að kristnifræðsla væri hlutfallslega meiri en fræðsla um önnur trúarbrögð og kvað því ekki á um að þeirri stefnu skyldi breyta.⁸⁷ Því standast fullyrðingar um að dómur MDE hafi knúið á um að „kristilegt siðgæði“ skyldi taka út úr markmiðsgreinum grunnskóla, ekki.

Hér á landi eiga meginforsendur dómsins ekki við. Íslenska grunnskólanum ber ekki að veita nemendum kristlegt *uppeldi*, þótt starfshættir skólans eigi að mótast af kristilegu siðgæði. Grunnur þess siðgæðis sem íslenskt þjóðfélag hefur byggt á, er í anda kristilegs siðgæðis og eru flestir sammála um það, þar á meðal menntamálaráðherra.⁸⁸ Ef skólinn ætlaði að veita nemendum kristilegt uppeldi, í

⁸⁵ Sjá til dæmis www.vantru.is/2006/12/20/08.00

⁸⁶ <http://www.althingi.is/altxt/135/s/0319.html>

⁸⁷ Sigurður Pálsson 2008, óbirt bréf til menntamálaráðherra.

⁸⁸ Sjá meðal annars <http://www.althingi.is/raeda/135/rad20071128T184916.html> en þar segir menntamálaráðherra: „Ég tel mjög varasamt, frá forseti, að gera lítið úr mikilvægi kristni og kristins siðgæðis og láta sem kristindómurinn skipti Íslendinga engu máli. Þar með værum við komin út á hættulega braut og í raun farin að vega, að mínu mati, að einni af grundvallarstöðum sem hefur mótað

skilningnum kristilegt trúaruppeldi, væri hann kominn út fyrir sitt svið. Grundvallarmunur er á því og kristilegu siðgæði.

Í raun má leggja ólíkan skilning í það hvernig skilja beri tengsl kristilegs siðferðis við boðskap Krists. Það er því ekki til ein ákveðin skilgreining á hugtakinu en eins og áður sagði, má skilgreina það sem almennt siðferði. Vissulega má þó túlka það í bókstaflegum skilningi; Biblían er þá notuð sem nokkurs konar uppflettirit yfir siðareglur og kristilegt siðferði er þá í þeim skilningi lifað gegnum bókstafinn. Á hinn bóginn, og það sem telja má að sé „hversdagslegur“ skilningur og viðmið kristilegs siðgæðis í grunnskólalögum, er að kristilegt siðgæði sé mannlegt siðferði í ljósi boðskaparins en *án þess* að um sé að ræða endanlegan sannleik, enda er siðfræði Krists ekki sjálfstæð kenning í sjálfri sér. Auk þess er erfitt að sjá í boðskap Krists einhlítan mælikvarða á hvaða siðfræðikenningu megi kalla „kristilega“ og hverja ekki. Ástæða þess að talað er um „kristilegt siðgæði“ er sú, að siðfræðihugmyndir manna eru mjög í anda þeirra sem þróast hafa í kristinni trú. Aðrar siðferðishugmyndir eru gjarnan notaðar sem andstæða við hið kristna og því má segja að kristið siðferði sé það sem notað sé sem viðmið, hvort sem menn lifa samkvæmt því eða gegn.⁸⁹

Skipta má kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu í tvenn, jafnvel þrenn, ólík svið eða hlutverk: siðfræðihluta og sagnfræðihluta. Trúfræðsla gæti verið þriðja sviðið en það má fella undir sagnfræði, sé gætt að hlutleysi. Sem siðfræði er trúarbragðafræðsla afar mikilvæg. Í siðfræðilegri fjölhyggju nútímans ætti fræðslan að gera nemendur vel í stakk búna til að fást við spurningar sem snúa að hversdagslífinu og auka við umburðarlyndi og gagnkvæman skilning á ólíkum lífsviðhorfum. Þrátt fyrir það getur siðfræðin ekki svarað spurningum um tilgang og lífsgildi nema að takmörkuðu leyti.⁹⁰ Hún getur heldur ekki farið fram eins og sagnfræðikennsla – sem staðreyndanám – né heldur sem einhvers konar áróðursfærsla fyrir ákveðnum viðhorfum. Kennslan krefst hlutleysis og hún fæst við raunveruleg vandamál.

Hið trúarlega efni í siðfræðikennslunni hefur einkum mikilvægu fræðsluhlutverki að gegna. Hefðirnar og sagan skipta máli og fyrir Vesturlönd er sérstök áhersla á kristna siðfræði- og trúarhefð, umfram aðra trúarbragðafræði, skiljanleg í ljósi nánna tengsla siðfræði við sögu kristinnar. Jafnvel þótt hugtök siðfræðinnar, eins og „virðing fyrir persónum“, „mannhelgi“ og „jafnræði“ séu óháð sögulegum uppruna

okkur sem þjóð á undanförunum árum. Við eigum ekki að vera feimin við að segja að við séum kristið samfélag.“

⁸⁹ Páll Skúlason 1987, bls. 212-214.

⁹⁰ Magnús D. Baldursson 1999, bls. 64.

þeirra hvað varðar gildiskröfu, er skilningur á þeim samofin kristinni hefð.⁹¹ Önnur trúarbrögð og hefðir skipta þó einnig miklu máli, eins og áður hefur komið fram.

Að vega og meta rök er mikilvægur þáttur siðfræðikennslunnar og í því ljósi kann sumum að finnast kristin siðfræði (eða önnur trúarleg siðfæði) ófullnægjandi grundvöllur kennslunnar, því hún ein og sér kann að verka boðandi. Trúarleg siðfræði hefur gjarnan verið aðgreind frá heimspekilegri siðfræði, vegna grundvallarins sem rökkin eru byggð á. Sumir telja því nauðsynlegt að aðgreina siðfræði og trúfræði og það sé hlutverk kennara meðal annars að útskýra muninn þar á milli.⁹² Siðfræðikennslan eigi ekki að vera byggð á trúarlegum grunni – hún á í raun ekki að vera „kennsla“, heldur þjálfun – en samstarf sé þó nauðsynlegt þar á milli. Fyrir siðfræði sem sértækt fag kann þetta að vera réttmæt stefna, en í kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu er nauðsynlegt að hafa siðfræði og trúfræði samtvinnuð, hugsanlega með áðurnefndri aðgreiningu í svið eða hlutverk innan fræðslunnar.

Páll Skúlason leggur til kennsluaðferð í siðfræði, sem nýta má innan kristnifræði- og trúarbragðafræði. Aðferðin felst í:

...umræðu þar sem megináherslan er lögð á kröfuna um samkvæmni. Samkvæmni í orðum og samkvæmni milli orða og breytni. [...] Að aga fólk til samkvæmni í orðum er eitt hið mikilvægasta verkefni allrar siðfræðikennslu því að slíkt er helsta leiðin til að þjálfa fólk til að móta heilsteypta hugsun og taka ákvarðanir vitandi vits um eigin afstöðu og viðhorf.⁹³

Samkvæmnin er, að mati Páls, ekki nægjanlegt skilyrði heldur nauðsynlegt. Það sé fyrst og fremst innan fjölskyldu og nánasta umhverfis sem siðferðisvitund barna þroskist en skólanum sé einkum ætlað að hvetja börn og unglinga til að huga að forsendum og rökum hugmynda og skoðana sinna og annarra.

Krafan um umræðu og samkvæmni er ágæt leið til siðfræðikennslu. Það á við hvort sem er heimspekilega siðfræði eða trúarlega. Að taka siðfræði sem kennivaldi er boðun en það er ekki markmið aðalnámskrár. Markmiðið er að fræða og mennta og mikilvægur hluti þess er umræðan. Að vega og meta rök trúarlegrar siðfræði er ekki síður mikilvægt og vel mögulegt án þess að í því þurfi að felast boðun.

⁹¹ Magnús D. Baldursson 1999, bls. 66.

⁹² Magnús D. Baldursson 1999, bls. 67.

⁹³ Páll Skúlason 1987, bls. 218.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt um kristilegt siðgæði, er erfitt að sjá að hugtakið feli í sér mannréttindabrot, hvort sem það er í trúfræðilegum eða siðfræðilegum skilningi. Kennsla og uppeldi geta byggt á trúarlegum gildum, þótt það feli ekki í sér trúarlegan boðskap. Þótt það skipti ekki meginmáli fyrir kennsluna sem slíka, er frumvarp menntamálaráðherra greinilegt merki um tilraun til að koma til móts við þá sem mótfallnir eru kristilegum kennileitum í skólastarfi.

Þess má geta að á vordögum 2008 var títrætt frumvarp afgreitt af menntamálanefnd Alþingis. Teknar voru til greina áhyggjur manna um stöðu kristninnar í íslensku skólastarfi og menningu. Að viðbætti tillögu menntamálaráðherra, hefur frumvarpið nú verið afgreitt með þeirri breytingatillögu, að starfshættir grunnskóla skuli mótast „...meðal annars af kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“⁹⁴ Auk kristinnar arfleifðar eiga starfshættir skólanna að mótast af „...umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi“, samkvæmt tillögu nefndarinnar.⁹⁵

Ljóst má vera að siðfræðikennsla hefur stóru hlutverki að gegna í námi þeirra kynslóða sem erfa skulu landið. Fjölmening og fjölhyggja krefjast þess beinlínis að lögð sé rík áhersla á sameiginlegan grundvöll siðvitundar og siðferðilegrar breytni, einkum vegna ólíks trúarlegs uppruna og menningar. Trúin og sagan að baki ólíkum siðferðisviðhorfum er jafnmikilvægur hluti kennslunnar og siðfræðin sjálf. Án þessara þátta er illmögulegt að þekkja uppruna siðferðishugmynda og vinna að samstöðu og skilningi milli ólíkra viðhorfa.

Niðurstaða

Í þessum lokakafla verður leitast við að draga saman þau atriði sem þyngst vega af því sem hér hefur komið fram um stöðu kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu og gerð grein fyrir þeirri ályktun að kristin trú hafi réttmætan sess í íslensku skólakerfi.

Frá kristnitökunni fyrir um þúsund árum, hefur kristin kirkja og kenning leikið stórt hlutverk í íslenskri menningu og sögu. Íslensk menning verður því vart skilin án þekkingar á grundvallaratriðum kristindómsins og áhrifa hans á sögu þjóðarinnar. Ef markmið íslenska menntakerfisins er að leggja rækt við sögu og menningu þjóðarinnar, ætti ekki að gleyma þeirri staðreynd. Gjarnan er lögð áhersla á alþjóðleikann sem

⁹⁴ Fréttir Ríkissjónvapsins 18. maí 2008. <http://dagskra.ruv.is/streaming/sjonvarpid/?file=4397930>

⁹⁵ Fréttablaðið, 20. maí 2006, bls. 6.

einkennir íslenskt samfélag, sem er gott og gilt í sjálfu sér, en ekki má gleyma því að saga íslenskar þjóðar skiptir ekki minna máli.

Kennsluáðferðir þær sem notaðar hafa verið í grunnskólum landsins, einkennast að sumra mati af boðun og of mikilli áherslu á kristinn lærdóm. Lestur á biblíusögum, vettvangsferðir í kirkjur og heimsóknir fulltrúa trúfélaga eru áberandi þættir kennslunnar og hefur gagnrýnendum hennar þótt sem þarna sé um að ræða trúboð en ekki fræðslu. Gagnrýnin felst og í því að kennararnir, eða höfundar námsefnisins, séu prestlærðir og þar með ekki hlutlausir.

Fræðsla í kristinum fræðum þarf ekki að hafa trúarlega boðun, þótt þættir hennar séu með fyrrgreindum hætti. Eins og áður hefur komið fram, er þess getið í aðalnámskrá grunnskóla að kennslan eigi að vera fræðsla en ekki trúboð og verður ekki betur séð en þerri klausu sé fylgt í hvívetna. Inntak fræðslunnar snýst vissulega um kristna kenningu en þessi „kynning“ á henni, ef svo má að orði komast, felur ekki í sér boðun, heldur einmitt kynningu. Hún er fræðileg.

Yrði kristnifræðikennsla felld úr námskrá grunnskólanna, yrði börnum gert auðveldara fyrir að velja og hafna síðar meir hvaða trú þau vilji aðhyllast. Þetta er skoðun sem andstæðingar kennslunnar hafa haldið á lofti. En læri nemendur ekki að þekkja kristna kenningu á fræðilegan hátt, má á móti halda því fram að þeir missi af mikilvægum valkosti; þeir hafi í raun minni valmöguleika en ella. Ef við sem foreldrar eða samfélag kynnum ekki trúna fyrir börnum okkar, erum við að velja fyrir þau. Því sá, sem ekki kynnist trúnni, getur heldur ekki hafnað henni. Við getum auk þess spurt hvaða raunverulegu valkosti við erum að skapa og hvaða traust við berum til barnanna til að velja og hafna. Valið er mikilvægt hverjum manni, því það gerir kröfu um að takast á við spurningar um okkur sjálf, um mannlega tilveru, tilgang lífsins, stöðu mannsins í veröldinni og um grundvöll siðaskoðana. Af hverju ættum við að takmarka valkosti barnanna eða jafnvel forða þeim frá þeim?⁹⁶

Ef afnema ætti enn fremur heimsóknir í kirkjur og ýmiss konar samstarf við þær, mætti allt eins endurskoða samstarf skóla við íþróttafélög sem og áreiti á öðrum sviðum. En við kjósum að gefa börnunum okkar tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun um þátttöku þeirra í ýmsum félagsskap. Spurningin hvort slíkur félagsskapur eigi heima í skólastarfi eða eigi að fara fram utan skólatíma, á ekki eingöngu við trúarlega fræðslu og þátttöku, heldur allt sem telja má að hafi áhrif á áhuga og skoðanir barnanna. Svarið

⁹⁶ Salvör Nordal 2005, bls. 78-79.

við þeirri spurningu fer líklega algjörlega eftir áhuga og skoðunum foreldranna en á það má benda að skólinn hefur síðustu ár tekið meiri þátt í uppeldinu en áður. Fjölbreytni í skólastarfi hlýtur því að teljast börnunum mikilvægt, bæði hvað varðar veraldleg og andleg mál. Og trúarleg mál eru ekki síður mikilvægur þroskakostur andlegra verðmæta en til að mynda húanismi, vísindi og listir. Það er ekki þörf á að velja þar á milli, heldur er allt jafnmikilvægt.

Þeir sem vilja afnema kristnifræðikennslu alfarið, telja undanþáguákvæðið ekki fullnægjandi, því undanþága barna þeirra frá þátttöku í trúarlegu starfi geri þau utanveltu og jafnvel skotspón eineltis í skólunum, þar sem þessi börn yrðu í minnihluta. Það sem þessir foreldrar vilja, ef rétt er skilið, er þannig að ekki bara þeirra börnum sé forðað frá trúnni, heldur öllum börnum. Ekki er loku fyrir það skotið að ásakanir um mannréttindabrot færu að snúast á hinn veginn, væri farið að kröfum þessa minnihlutahóps.

Þegar lýtur að öðrum trúarbrögðum en kristni, er rétt að leggja á það áherslu, að hlutfall þeirra í allri trúarbragðakennslu hefur aukist undanfarin ár en einkum á yngra stigi og miðstigi grunnskólans. Vaxandi fjölmennig á þar stærstan hlut að máli og má þessi þróun teljast eðlileg í ljósi fjölbreyttara menningarlífs og aukinna tengsla við ólík menningarsvæði í heiminum. Hins vegar má telja það jafneðlilegt að lögð sé mest áhersla á þau trúarbrögð sem ríkjandi eru í hverju samfélagi. Hér á landi og á öðrum Vesturlöndum er það kristin trú. Breytist hlutföllin í samfélaginu, er rétt að taka mið af því í stefnumótun trúarbragðafræðikennslunnar en á meðan núverandi viðhorf ríkir, er erfitt að sjá ástæðu til að breyta hlutföllunum í kennslunni. Þekking á eigin trúarbrögðum er og mikilvæg forsenda skilnings og umburðarlyndis fyrir trú annarra.

Í aðalnámskrá segir:

Kristin trú á sér rætur í sögulegum atburðum, allt frá tímum Gamla testamentisins, sem ná hámarki í lífi, starfi og kenningu Jesú Krists. Framhald þeirrar sögu er svo saga kristinnar kirkju allt til okkar daga. Í námskránni er leitast við að láta þessa sögulegu framvindu og tengsl hennar við nútímann verða ljós, svo og margvísleg trúarleg og menningarleg áhrif hennar. Mikilvægur hluti þessarar sögu er einnig saga einstaklinga og hreyfinga sem markað hafa spor í þágu trúar, mennta og mannúðar.⁹⁷

⁹⁷ Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 1999, bls. 7-8.

Samkvæmt könnun Gallup frá árinu 2004, sem vitnað er til í kafla 2.2, eru langflest íslensk börn borin til skírnar í kristinni kirkju. Í þeirri athöfn felast skuldbindingar og viljayfirlýsing um kristilegt uppeldi foreldra í samstarfi við kirkju. Svo virðist sem ekki allir geri sér grein fyrir þessari skuldbindingu og gleymi tilganginum með skírninni. Þannig þykir eðlilegt að bera barn til skírnar og síðan ekki kristnu söguna meir! Í ljósi fjölda kristinna skírnarathafna á landinu, hlýtur þrátt fyrir það að teljast eðlilegt að trúarbragðafræðsla í skólum leggi mesta áherslu á kristna trú.

Engin sérákvæði eru í gildandi grunnskólalögum um undanþágu frá kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu. Nemendum er samt sem áður leyfilegt, samkvæmt lögnum, að fá undanþágu frá einstökum þáttum skólastarfs, æski foreldrar þess.⁹⁸ Evrópudómstóllinn í Strasbourg telur það mannréttindi að fá undanþágu frá kennslunni. Með tilliti til þess hve mikilvæg kristin fræði virðast vera fyrir vestræn samfélög, má spyrja hvort þau börn, sem fá undanþágu, fari ekki á mis við mikilvæga menntun, sé kennslan að fullu fagleg.

Að gera nemendum grein fyrir hvaða þýðingu einstaka trúarhugmyndir hafa fyrir hina trúuðu er ekki trúboð heldur fræðsla sem er nauðsynleg fósenda víðsýnis og umburðarlyndis. Skortur á fræðslu í trúarefnum er hins vegar gróðrarstía vanþekkingar, fordóma og umburðarleysis.⁹⁹

Könnun Gallup gefur til kynna að um 76% Íslendinga telji sig vera kristna. Þeir sem trúá á sinn persónulega hátt eru rúm 22%. Þótt kristni sé augljóslega ríkjandi trúarviðhorf í landinu, virðist persónuleg trú, eða einkatrú, vera nokkuð áberandi. En gefur sú staðreynd tilefni til að afnema kristni- og trúarbragðafræðslu? Líkt og Geir Afdal bendir á (sjá bls. 29), eru trúarbrögðin vissulega orðin meira einkamál og ekki jafnmikið sameiningartákn en þau voru. Þau eru samt sem áður órjúfanlegur hluti samfélagsmyndarinnar og kjarni tilvistar margra manna. Þýðing trúarbragðanna minnkar ekki þrátt fyrir aukna einkatrú eða þótt mynd þeirra kunni að breytast með breyttum samfélögum. Í dag er fjölhyggja og fjölmening mest áberandi mynd trúarbragðanna en, líkt og Afdal bendir á, er það ekki nægilega góð rök fyrir afnámi kennslu í trúarbrögðum. Kennslan getur aðlagast fjölbreytninni og þjónað sem

⁹⁸ Sigurður Pálsson 2008, óbirt bréf til menntamálaráðherra.

⁹⁹ Bjarni Randver Sigurvinsson, „Kristin fræði og trúarbragðafræði“. www.tru.is/pistlar

sameiningartákn á ný, ef rétt er að staðið, því hún getur stutt við gagnkvæman skilning og tengt saman ólíka menningu. Hún getur og lagt til mikilvæga siðfræði og þjálfað gagnrýna hugsun. Og það sem kannski mikilvægast er fyrir umræðuna í dag, getur hún hjálpað nemendum að taka sjálfstæða og ígrundaða ákvörðun um hvort þeir vilji aðhyllast kristni, önnur trúarbrögð eða jafnvel engin.

Ásakanir um hlutdræga kennslu eiga ekki við í grunnskólum landsins. Hlutdræga fræðslu um kristindóm er frekar að finna í kirkjum, til að mynda í fermingarfræðslu. Því væri raunhæfara að skoða betur gagnrýni á þá kristnifræðslu skólanna sem er í beinum tengslum við fermingarfræðslu kirkjunnar. Prestar kenna fermingarfræðin og í þeirri fræðslu er réttmætt trúboð, enda er ferming val kristinna unglunga. Sé hún í of nánnum tengslum við skólastarfið, má réttlæta aðgreiningu þar á milli með þeim rökum, að fermingarfræðslan, og þar með boðunin, sé komin inn í skólanna. Vettvangsferðir í kirkjur ótengt fermingarfræðslu, eru hins vegar ekki trúboð, heldur einn hluti hefðbundinnar fræðslu skólanna.

Einn angi rökræðnanna um hvort afnema eigi kristnifræði- og/eða trúarbragðafræðikennslu, birtist í umræðu um hvort aðskilja eigi ríki og kirkju. Andstæðingar kennslunnar eru nær undantekningalaust fylgjandi aðskilnaði. Og samkvæmt áðurnefndri könnun Gallup er meirihluti landsmanna því fylgjandi að ríki og kirkja verði aðskilin.¹⁰⁰ Hvort sú skoðun nái einnig yfir menntakerfið og þar með kristnifræðslu, skal ekki fullyrt, en á það skal bent að aðskilnaður ríkis og kirkju hefur í raun lítið að gera með fræðslu á sögu og menningu þjóðarinnar. Í löndum þar sem aðskilnaður ríkis og kirkju hefur farið fram, til dæmis í Svíþjóð, er enn lögð mest áhersla á kristna trú í trúarbragðafræðslu grunnskólanna. Aðskilnaður hefði þannig engin áhrif á kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu hér á landi, þótt andstæðingar kennslunnar kunni að álíta svo vera.

Hugmynd og tillaga Hönnu Ragnarsdóttur um trúarbragðafræðslu styður við þau rök að kristnifræði- og trúarbragðafræðikennsla sé börnum í íslensku skólakerfi beinlínis nauðsynleg. Og eins og áður hefur komið fram, hefur hlutfall annarra trúarbragða en kristni aukist í kennslu. Þannig hefur fjölbreytni trúarbragðafræðslunnar aukist til muna miðað við það sem áður var og þannig komið til móts við aukna fjölbreytni. Til að auka enn frekar á fjölbreytnina, mætti jafnvel bæta við fræðslu um trúleysi, auk þess sem fræðslu um ásatrú í grunnskólum er að mínu mati ábótavant í

¹⁰⁰ Þó er næstum sama hlutfall milli þeirra sem hlyntir eru og andvígir aðgreiningu ríkis og kirkju. Hver munurinn er á aðgreiningu og aðskilnaði er ekki ljóst í könnuninni.

ljósi sístækkandi söfnuðar ásatrúarmanna sem og þeirrar staðreyndar að ásatrú er hluti af íslenskri menningu, ekkert síður en kristni.

Með því að aðlaga kennsluna að fjölbreyttri menningu, trú og lífsskoðunum, er unnt að koma til móts við flest þau viðhorf sem í dag takast á. Stefna fræðsluyfirvalda hefur einmitt verið í þá átt að aðlaga fræðsluna breyttu samfélagsmynstri. Siðfræðikennsla innan kristnifræði og trúarbragðafræði hefur og verið aukin til muna, þannig að nemendur ættu að vera betur í stakk búnir til að takast á við siðferðileg mál í daglegu lífi. Þótt sú kennsla sé að einhverju leyti innan trúarbragðafræðinnar, er markmið fræðslunnar að kenna börnum að beita gagnrýninni hugsun á hvert mál fyrir sig en ekki að innræta þeim trúarlegar kennisetningar. Kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu ætti því í engu tilliti að úthýsa, heldur þvert á móti að auka. Fortíðin, nútíðin og kannski fyrst og fremst framtíðin, gera kröfu á samfélagsþegna um þekkingu á eigin sögu, trú, viðhorfum og menningu sem og annarra. Sú krafa felur ekki síður í sér kunnáttu í beitingu dómgreindar og almenns siðgæðis. Þekkingarleysi er rót fordóma og fordómar eru skaðlegir. Það er fagleg kristnifræði og trúarbragðafræði ekki, að mínu mati.

Leiði ríkjandi umræða um stöðu kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu til þeirrar niðurstöðu að greinin sé nemendum raunverulega mikilvæg, er næsta verk að huga að hvernig búa megi svo um kennsluna að foreldrar, nemendur og kennarar séu sáttir. Hér hefur einungis verið bent lauslega á tillögur í þá átt en ekki verður farið út í nákvæmt mat eða lausnir að sinni. Ljóst er þó að kennarar þurfa að mæta breyttum tíðaranda og því þurfa þeir stuðning til þess að afla sér þekkingar og menntunar í greininni. Efnið er tyrfið en verkefnið ærið, því um er að ræða mál sem snertir samvisku og sannfæringu fólks. Skólinn stendur því frammi fyrir mikilli áskorun á tímum fjölmenningar og fjölhyggju, bæði sem þekkingarmiðill og sem mótandi sjálfsmyndar. Hvernig hann tekst á við verkefnið og hver árangurinn verður, verður kynslóða framtíðar að meta.

Lokaorð

Hér hefur verið gerð grein fyrir kennslu í kristnifræði og trúarbragðafræði í skyldunámi á Íslandi. Farið var yfir sögu fræðslunnar og grein gerð fyrir stöðu hennar og kristinnar trúar á Íslandi og í öðrum löndum. Reifuð voru með- og mótrök fyrir tilvist kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu í íslenska skólakerfinu og loks fjallað um hvað „kristilegt siðgæði“ merkir og stöðu þess í markmiðsklausu grunnskólalaganna. Niðurstaðan dró dóm af rökræðunum.

Það er von mín að íslensk menntayfirvöld standi vörð um þennan mikla trúar- og menningarþátt íslenskrar þjóðar. Tíðarandinn beinlínis hrópar á aukna þekkingu á trúarbrögðum heimsins og siðfræði þeirra en um leið er rík þörf á að viðhalda og jafnvel efla þekkingu á íslenskri trúarsögu, því án hennar getum við ekki sett okkur í samhengi við sögu annarra menningarsvæða. Þessi ritgerð er skrifuð í þeim tilgangi að gera grein fyrir stöðu kristnifræði- og trúarbragðafræðikennslu og vonandi gera ljósa þörfina fyrir aukna fræðslu á því sviði í íslensku skyldunámi.

Heimildir

Óútgefin gögn:

Sigurður Pálsson, 2008: Bréf til menntamálaráðherra (óbirt).

Gögn af vefnum:

Aldís Yngvadóttir, 1. janúar 1999: *Hvað er lífsleikni?*

http://www.doktor.is/index.php?option=com_d-greinar&do=view_grein&id_grein=1838

Alþingi: *Kristilegt siðgæði í starfsháttum grunnskóla.*

<http://www.althingi.is/altext/135/11/128184619.shtml>

Alþingi: *Staða þjóðkirkju, kristni og kristnifræðslu.* Umræður utan dagskár.

<http://www.althingi.is/altext/135/12/112152918.shtml>

Bjarni Randver Sigurvinnsson, 5. ágúst 2003: *Kristin fræði og trúarbragðafræði.*

<http://tru.is/pistlar/2003/08/kristin-fraedi-og-truarbragdafraedi>

Ford Primary School: Policy for teaching Religious Education.

<http://www.fordprimaryschool.co.uk/policies/curriculum/Religious%20Education.doc>

Guðni Ólgeirsson, 14. febrúar 2005: *Aðalnámskrá grunnskóla.* Kennaraháskóli Íslands.

<http://starfsfolk.khi.is/meyvant/PowerPoint/kynningargl%C3%A6rur-%20KHI-GudniOlgeirsson.ppt>

Hagstofa Íslands. Hagtölur – mannfjöldi – trúfélög

<http://www.hagstofa.is/?PageID=632&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN10200%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+tr%FAf%E9l%F6gum+og+skr%E1ningu+1994%2D2007++++++%26path=../Database/mannfjoldi/Trufelog/%26lang=3%26units=fjoldi>

Hanna Ragnarsdóttir: *Trúarlegar þarfir í skólum.*

http://www.kirkjan.is/?trumal/menning/a_sama_bati/truarlegar_tharfir_i_skolum

IMG Gallup, febrúar-mars 2004: *Trúarlíf Íslendinga. Viðhorfsrannsókn.*

http://www.kirkjan.is/skjol/truarlif_islendinga_2004.pdf

Mannréttindadómstóll Evrópu, 29. júní 2007: *Grand Chamber Judgment Folgerø and Others v. Norway.* Press release.

<http://cmiskp.echr.coe.int/tkp197/view.asp?item=44&portal=hbkm&action=html&highlight=Grand%20%7C%20Chamber%20%7C%20judgment%20%7C%20folger%20%7C%20others%20%7C%20v.%20%7C%20Norway&sessionid=7338211&skin=hudoc-pr-en>

Magnús Sigmundsson, 22. feb. 2005: *Kristniðfræðikennsla í grunnskólum.*

<http://jeremia.blogspot.com/2005/02/kristnifrikennsla-grunnskolum.html>

Menntamálaráðuneytið, 1999: *Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.*

<http://bella.stjr.is/utgafur/AGkristinfradiofl.pdf>

Menntamálaráðuneytið, 1999: *Aðalnámskrá grunnskóla. Lífsleikni.*

<http://bella.stjr.is/utgafur/lifsleikni.pdf>

Menntamálaráðuneytið, 2007: *Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.* Reykjavík.

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_kristinfr_sidfr_truarbragdafr.pdf

Óli Gneisti Sóleyjarsón, 8. janúar 2008: *Biblían er óhæfur grunnur siðferðis.*

<http://www.vantru.is/2008/01/08/08.00>

Religious Education. http://en.wikipedia.org/wiki/Religious_education

Ríkissjónvarpið, fréttir 18. maí 2008.

<http://dagskra.ruv.is/streaming/sjonvarpid/?file=4397930>

Róbert H. Haraldsson, 14. janúar 2005: *Hvað eru „upplýsing“ og „nútimi“?*
[http://www.hi.is/~robhar/ForspjallSTHkantogfoucualt.ppt#256,1,Hvað eru “upplýsing” og “nútimi”?](http://www.hi.is/~robhar/ForspjallSTHkantogfoucualt.ppt#256,1,Hvað%20eru%20%22upplýsing%22%20og%20%22nútimi%22%3F)

Sigurður Pálsson, 7. júlí 2003: *Trúarbragðafræðsla.*
<http://tru.is/pistlar/2003/07/truarbragdafraedsla>

Sigurður Pálsson, nóvember 1997: *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í skyldunámi. Um þróun inntaks, kennslu og stöðu greinarinnar frá siðbót til nútíðar.*
<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/samfelag/kristinfrædi/sagan.html>

Skólanámskrá Langholtsskóla.
<http://www.langholtsskoli.is/skolanamskra>

Svanur Sigurbjörnsson, 20. janúar 2006: *Aðalnámskrá mismunar lífsskoðunum.*
<http://sidmennt.is/2006/01/20/adalnamsskra-mismunar-lifsskodunum>

Svavar Alfrið Jónsson, 20. febrúar 2008: *Goðsögnin um tómar kirkjur.*
<http://svavaralfred.blog.is/blog/svavaralfred/entry/450168/>

Tim Jensen, 1998: *Religious Education and the Secular State.*
<http://www.religiousfreedom.com/conference/Germany/jensen.htm>

Tim Jensen: *Religious pluralism in Denmark.*
http://www.rescogitans.sdu.dk/files/RRR_Jensen.pdf

Vésteinn Valgarðsson, 31. janúar 2007: *Enn um aðkomu Þjóðkirkjunnar að menntun barna.*
www.vantru.is/2007/01/31/08.30/

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir: *Frumvarp til laga um grunnskóla.* 135. löggjafarþing 2007-2008.
<http://www.althingi.is/altext/135/s/0319.html>

Útgefin gögn:

Afdal, Geir, 2007: „Legitimierung av Religion“. *Bedre skole*. No. 1, 2007. Tidsskrift for lærere og skoleledere. Utdaningsakademiet, Oslo.

Alþingistíðindi, 1973/4. A-deild.

Council of Europe, Grand Chamber, 29. júní 2007: *Case of Folgerø and others c. Norway*. Application no. 15472/02. Judgment. Strasbourg, France.

Fréttablaðið, Ritstj. Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson: „Kristnin komin aftur í frumvörp um skóla.“ 20. maí 2008. Útgáfufélagið 365, Reykjavík.

Guðmundur Finnbogason, 1994: *Lýðmenntun*. 1. bindi. Ritstj. Loftur Guttormsson. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Gunnar J. Gunnarsson, 2006: „Kristinfræði og/eða trúarbragðafræði í grunnskólum í fjölmenningsamfélagi“. *Kirkjuritið*. Ritstj. Eiríkur Jóhannsson. 72. árg., 1. hefti. Prestafélag Íslands.

Gunnar Kristjánsson, 2000: *Kristnitakan á Þingvöllum*. Mál og menning, Reykjavík.

Hvas, Søren Lodberg, 1974: *Folkeskolens kristendomsundervisning. Bergrundelse og opgave*. Gyldendalske Boghandel. Nordisk Forlag. Copenhagen, Danmark.

Höskuldur Þór Þórhallsson, 12. mars 2008: „Kristilegt siðgæði og Mannréttindadómstóll Evrópu“. *Morgunblaðið*. Ritstj. Styrmir Gunnarsson. Reykjavík.

Kuyk, Elza; Jensen, Roger; Lankshear, David; Löh Manna, Elisabeth; Schreiner, Peter ritstj., 2007: *Religious Education in Europe. Situation and current trends in schools*. Iko Publishing House, Oslo, Norway.

Magnús Diðrik Baldursson, 1999: „Tilgátur um muninn á trú og siðfræði“. *Hvers er siðfræðin megnug? Safn ritgerða í tilefni tíu ára afmælis Siðfræðistofnunar*. Ritstj. Jón Á. Kalmannsson. Siðfræðistofnun. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið 1976, *Endurskoðun námsefnis og kennslu í kristnum fræðum í grunnskóla*. Nefndarálit. Reykjavík.

Páll Skúlason, 1987: *Pælingar. Safn erinda og greina*. Páll Skúlason, Reykjavík.

Salvör Nordal, 2005: „Um trúaruppeldi og kennslu í kristnum fræðum“. *Hugsað með Páli. Ritgerðir til heiðurs Páli Skúlasyni sextugum*. Ritstj. Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999: „Siðfræðikennsla í skólum“. *Hvers er siðfræðin megnug? Safn ritgerða í tilefni tíu ára afmælis Siðfræðistofnunar*. Ritstj. Jón Á. Kalmannsson. Siðfræðistofnun. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Sigurður Pálsson, 1984: „*Kennið þeim...*“. *Um skyldugt nám íslenskra barna og ungmenna í kristnum fræðum frá siðbót til setningar laga um grunnskóla*. Reykjavík.

Sigurður Pálsson, 2001: *Börn og trú af sjónarhóli sálarfræði, uppeldisfræði og guðfræði*. Skálholtsútgáfan, Reykjavík.

Sigurður Pálsson, 2003: „Trúarbragðafræðsla í fjölmenningsamfélagi“. *Ritröð Guðfræðistofnunar. Tileinkuð Kristjáni Búasyni sjötugum*. Ritstj. Einar Sigurbjörnsson. *Studia theologica islandica* 17. Skálholtsútgáfan, Reykjavík.

